



Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 1963 – 1966, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 1963 - 1966

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnsmálamaðurinn

Askja 2-41, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ný viðhorf

Frá því síðastliðinn vetur hefur ríkisstjórnin stefnt markvisst að því að ná samkomulagi um varanlegri leiðir til stöðvunar verðbólgu og til kjarabóta fyrir verkafólk en tekizt hefur á undanförnum árum. Í apríl s.l. hófust beinar viðræður ríkisstjórnarinnar við fulltrúa verkálýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda í þessum tilgangi. Um þetta komst **Bjarni Benediktsson**, forsætisráðherra svo að orði í útvarpsumræðum frá Alþingi 11. maí s.l.:

„Samningar um þetta takast ekki, nema því aðeins, að góðvild og skilningur ríki á alla vegu. Bæði skilningur á þjóðarhag og hvað hverjum einstökum er fyrir beztu. Í sjálfu sér þarf ekki að biðja neinn um að gera neitt sjálfum sér til óhagræðis eða fórna neinu, heldur einungis að ihuga vendilega, hvað honum sjálfum er fyrir beztu. Við þurfum umfram allt að leita orsaka þess, sem aflaga hefur farið, og láta okkur skiljast, að hin völdugu almannasamtök og ríkisvaldið verða sameiginlega og af gagnkvæmri góðvild að finna þá leið, hvernig árekstrarminnst verður framfylgt þeirri stefnu, sem kjósendur marka við kosningar hverju sinni. Ef menn aldrei læra, hvað er framkvæmanlegt og eyða orku sinni í tilgangslausa togstreitu, er eigi kynlegt, þó margt fari miður en skyldi. En ef allir þeir, sem vel vilja, og hver hefur miklu verkefni að gegna á sínum vettvangi, læra, að þeir eru ekki hver um sig einn í heiminum, heldur þurfa þeir hver og einn að vinna með öðrum og virða einnig þeirra verkefni, þá mun vel fara. Þá munu menn hætta að setja stolt sitt í að verða ofan á í einskisverðum erjum, en leggja sig fram um að leysa þann vanda, sem þjakað hefur þjóðfélagið nú í aldarfjórðung, en auðleystur er, ef þekking, reynsla og samhugur fá að ráða.“ (Visir 12. maí 1964).

Hér ítrekar forsætisráðherra þau sjónarmið, sem hann á undanförunum árum hefur lagt áherzlu á, að teknar verði upp bættar vinnu-

aðferðir í kjarabaráttunni á grundvelli samkomulags við verkalýðs-samtökin. Má þar t. d. nefna áramótaræðu hans í útvarpinu á gamlárskvöld 1961 (Fréttabréf nr. 6, bls. 16) og við 1. umræðu á Alþingi 1. nóvember s.l. um launafrumvarp ríkisstjórnarinnar mælti hann á þessa leið:

„Við eigum að taka upp skynsamleg vinnubrögð, færa okkur í nyt reynslu annarra og reyna í sameiningu að beita því hyggjuviti, sem við sjálfir kunnum að hafa. Og ríkisstjórnin vill eindregið nota þennan tíma til þess að kanna það til hlítar með vinsamlegum viðræðum og samningum við forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, hvort mögulegt sé að fá á þessu skynsamlegri og skaplegri hátt, þannig að friðvænlegra væri í landinu og meiri árangurs að vænta. Þæði um framleiðslu og not framleiðslunnar, hellur en hin ófrjóa, tilgangslausa kaupgjaldsbarátta hefur leitt til á undanförunum áratugum.“

Í þessum anda hefur tekizt að leiða hina vandasömu samninga til lykta, undir traustri forystu forsætisráðherra. Ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands undirrituðu samkomulag 5. þ. m.

Helztu atriði samkomulagsins eru, sem hér segir:

1. Komið verði á verðtryggingu kaupgjalds og reiknuð út sérstök kaupgjaldsvísitala fjórum sinnum á ári og verði kaupgreiðslur miðaðar við vísitöluna, eins og hún var 1. maí 1964.

2. Verkafólk, sem unnið hefur 6 mánuði samfleytt hjá sama vinnuveitanda fái óskert vikukaup, þannig að samningsbundnir frídagar, aðrir en sunnudagar, séu greiddir.

3. Eftirvinna skal teljast tvær fyrstu klst. eftir að dagvinnu lýkur og eftirvinnuálag lækki í 50%. Nætur- og helgidagakaup standi óbreytt að krónutölu, en dagvinnukaup hækki þannig, að tekjur verði óbreyttar þrátt fyrir styttingu vinnutímans og lækkun eftirvinnuálags.

4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21, sem svarar til hækkunar orlofsfjár úr 6% í 7%.

5. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar, að létta efnalítlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Aflað verði á þessu ári og á fyrri hluta næsta árs 250 millj. kr. til þess að mæta þeim umsóknum sem lágu óafgreiddar hjá Húsnæðismálastjórn 1. apríl s.l. Frá og með árinu 1965 verði komið á kerfisbreytingu íbúðalána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári miðað við áætlaða byggingarþörf. Tekin verði upp vísitölubinding á öllum íbúðalánum og verði lánin til 25 ára með 4% ársvöxtum. Lánsupphæð út á hverja íbúð hækki úr 150 þús. kr. upp í 280 þús. kr. og sérstök viðbótarlán verði veitt

efnalítlum meðlimum verkalýðsfélaga. Komið verði á nýju kerfi íbúðalána fyrir lífeyrissjóði til samræmis við þær reglur, er gildi um lán Almenna veðlánakerfisins. Aflað verði fjármagns til íbúðalána til viðbótar því, sem verið hefur, með 1% almennum launaskatti og með 40 millj. kr. framlagi ríkissjóðs á hverju ári eða með öðrum hætti. Tryggt verði, að ríkisframlag til Atvinnuleysis-tryggingarsjóðs gangi árlega til kaupa á íbúðalánabréfum Almenna veðlánakerfisins.

Samkomulagið um framangreind atriði, er háð því skilyrði, að samningar náist á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, er gildi til ekki skemmri tíma en eins árs og feli ekki í sér neina hækkun grunnlauna á því tímabili.

Hér er um að ræða rammisamning, sem út af fyrir sig skuldbindur ekkert einstakt félag, hvorki launþega né vinnuveitendur, en aðilar samkomulagsins skuldbinda sig til þess að beita áhrifum sínum, til að samið verði í einstökum tilfellum á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið. Samningsaðilarnir eru annars vegar öll verkalýðshreyfingin og hins vegar samtök vinnuveitenda, en þessir aðilar eru svo öflugir, að gera verður ráð fyrir að eftir þeim verði farið.

Með samkomulagi þessu hafa verið sköpuð betri skilyrði, en um langt skeið, til að hafa hemil á verðbólgunni. Samkomulag um þetta er einsdæmi vegna þess, að

- 1) unnið var af samhug og góðvild allra þeirra, sem hlut áttu að máli
- 2) samið var um kaupgjaldsmál til eins árs án grunnkaupshækkunar
- 3) betur tókst en áður að gera ráðstafanir til bóta á kjörum þeirra, sem verst eru settir án þess að aðrir geti byggt á því kröfur sér til handa, því að á þá er ekki hallað.

Hér hefur sannarlega mikið áunnizt, þó að vissulega sé ekki allur vandi leystur. Ný viðhorf hafa skapast.

Við undirskrift samkomulagsins voru gefnar markverðar yfirlýsingar. **Bjarni Benediktsson**, forsætisráðherra sagði:

„Um leið og ég undirrita þetta samkomulag, sem ég vona að verði til gæfu og gengis okkar þjóð, þakka ég öllum aðilum gott starf, en margir hafa mikið á sig lagt. Ekki er allur vandi leystur, en örugglega horfir þetta í rétta átt. Þessi lausn hefur fengizt fyrir samhug og góðvild allra þeirra, sem hér hafa átt hlut að máli, og endurtek ég þakkir mínar fyrir það.“

Hannibal Valdimarsson, forseti Alþýðusambandsins, sagði:

„Ég vil þakka þeim ráðherrum, sem við höfum átt skipti við, drengilega framkomu í samningum. Hvort árangurinn af þessu samkomulagi verður meiri eða minni, mun koma í ljós þetta ár.“

Skattalækkanir

Á síðasta Alþingi voru gerðar breytingar á lögum nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignaskatt (samþykkt 8. maí s.l.) og lögum nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga (samþykkt 9. maí s.l.). Helztu breytinga skal hér getið.

Tekju- og eignaskattur:

1. Persónufrádráttur hækkaði um 30 af hundraði eða úr 50 þús. kr. í 65 þús. kr. fyrir einstakling, úr 70 þús. kr. í 91 þús. kr. fyrir hjón og barnafrádráttur hækkaði úr 10 þús. kr. í 13 þús. kr. á barn.

2. Hækkaður var frádráttur vegna heimlisstofnunar úr 20 þús. kr. í 26 þús. kr.

3. Skýr ákvæði voru sett um, hvernig skuli telja tekjur barna, hvenær þau geta sjálf verið sjálfstæðir skattþegar og hvenær skuli telja tekjur þeirra með tekjum foreldra. Ákveðið var að innstæður barna í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum, svo og vextir af þeim verði skattfrjálsar án tillits til skulda foreldra.

4. Breytt er tekjuskattstiganum þannig, að ákveðin eru þrjú gjaldþrep í stað sex áður.

5. Aukið er aðhald og eftirlit með skattaframtölum og það nýmæli upp tekið, að ríkisskattstjóra er heimilt að krefjast nánari upplýsinga af þeim, sem ekki eru framtalsskyldir. Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt skattalögum til þess að fylgjast með og hafa eftirlit með skattaframtölum.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga:

1. Álagningu útsvara er breytt í meginatriðum. Í stað afsláttar af útsvari, vegna fjölskyldustærðar er gert ráð fyrir ákveðnum frádrætti frá tekjum til samræmis við þau ákvæði, sem gilda um tekjuskattsálagningu. Persónufrádráttur er ákveðinn 25 þús. kr. fyrir einstakling, 35 þús. kr. fyrir hjón og 5 þús. kr. fyrir hvert barn.

2. Útvarsstiginn er gerður einfaldari í sniðum en áður var og nú aðeins 2 gjaldþrep í stað átta. Þessi breyting kemur betur út fyrir lágtekjumenn og fjölskyldufólk, en það fyrirkomulag, sem áður ríkti.

3. Hámarksákvæði um aðstöðugjald af fiskiðnaði er lækkað úr 1½% í 1%, ennfremur er fellt úr gildi í áföngum á þremur árum viðmiðun aðstöðugjalds af fiskiðnaði við veltuútsvar á árinu 1961.

Með þessum aðgerðum hefur ríkisstjórnin haldið áfram á braut þeirri, sem húnmarkaði í skattamálunum með setningu laga árið 1960 og 1962, sbr. Fréttabréf nr. 1 (Stefnubreyting í skattamálum, bls. 3—5). Þessar breytingar á skattalögum þýða, að

1) skattaálagningin er gerð léttbærari með tilliti til verð- og

kaupgjaldsbreytinga, sem orðið hafa í landinu síðan heildarlöggjöfin var sett

2) framkvæmd skattamála er gerð sanngjarnari og réttlátari gagnvart skattgreiðendum og einfaldari og óbreyttari í sniðum.

Þáttaskil í vegamálum

Samkvæmt vegalögum nýju, sem sett voru í desember s.l. skal Vegagerð ríkisins semja vegaáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Slík vegaáætlun öðlast gildi, er Alþingi hefur samþykkt hana. Í vegalögin var sett það bráðabirgðaákvæði, að fyrst skyldi gera vegaáætlun, er gildi fyrir árið 1964, en fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skuli leggja vegaáætlun, er nái yfir árin 1965—1968. Í apríl s.l. var lögð fyrir Alþingi vegaáætlun fyrir árið 1964, sem Alþingi samþykkti 9. maí s.l.

Í árslok 1963 voru þjóðvegir skv. vegalögum alls 8217,8 km og þar af voru akfærir vegir 7768,1 km. Samkvæmt hinum nýju vegalögum og vegaáætlun fyrir yfirstandandi ár verða þjóðvegir alls 9263,8 km og þar af akfærir vegir 8628,1 km. Samkvæmt þessu lengist þjóðvegakerfið um 1046 km eða 12,8% og þar af akfærir vegir um 860 km eða um 11%. Af þeim 1046 km, sem bætast við þjóðvegatölu eru 597,4 km vegir, sem áður voru í sýsluvegatölu, en 448,6 km voru áður ýmist fjallvegir eða í engum vegaflokki. Sýsluvegir, sem áður voru taldir 2387,8 km styttest nú samkvæmt vegaáætlun í 1790,4 km eða um 25%. En hins vegar mun eftir því sem bezt verður séð bætast í tölu sýsluvega um 412,3 km, sem áður voru í hreppavegatölu, þannig að sýsluvegakerfið verður sem heild um 8% styttra en áður var. Hér er enn um áætlun að ræða, þar sem sýslunefndir hafa ekki lokið endurskoðun samþykktu sýsluvegasjóða samkvæmt nýju vegalögum. Hreppavegir falla niður eftir hinni nýju skipan.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir hvernig lenging þjóðvega um 1046 km skiptist miðað við kjördæmi:

	Lenging km
Reykjaneskjördæmi	51,8
Vesturlandskjördæmi	135,0
Vestfjarðakjördæmi	130,9
Norðurlandskjördæmi vestra	177,7
Norðurlandskjördæmi eystra	152,9
Austurlandskjördæmi	150,9
Suðurlandskjördæmi	246,8
Alls	1046,0

Í vegalögunum nýju er kveðið á um skiptingu þjóðvega í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Hér fer á eftir tafla, er sýnir þessa skiptingu og ástand veganna miðað við 1. janúar 1964:

	Ekki bílfært km	Rutt km	Lagt km	Alls km
Hraðbrautir	10,0	106,2	14,8	131,0
Þjóðbrautir	65,4	611,1	2180,8	2857,3
Landsbrautir	559,1	1860,8	3855,6	6275,5
	634,5	2578,1	6051,2	9263,8

Í vegaaætlun fyrir árið 1964 eru tekjur til vegamála áætlaðar þannig:

Benzínskattur	154,0 millj. kr.
Gúmmígjald	10,0 — —
Þungaskattur	31,0 — —
Ríkisframlag	47,1 — —

Samtals 242,1 millj. kr.

Ráðstöfun þessara tekna kemur fram á eftirfarandi töflu, sem einnig greinir frá framlögum til vegamála samkvæmt fjárlögum ársins 1963 og þeim mismun, sem hér er á:

	Framlög skv. fjárlögum '63 millj. kr.	Framlög skv. vegaaætlun '64 millj. kr.	Aukning millj. kr.	Aukning %
Stjórn og undirbúningur	4,0	8,9	4,9	122,5
Viðhald þjóðvega	63,0	81,0	18,0	28,6
Nýir þjóðvegir	33,8	61,9	28,1	83,1
Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds	1,7	2,3	0,6	35,3
Til brúargerða	24,0	31,7	7,7	32,1
Til sýsluvegasjóða	3,3	10,0	6,7	203,0
Til vega í kaupstöðum og kaupúnum	30,3	30,3	30,3	(100,0)
Til véla og áhaldakaupa	3,8	11,0	7,2	189,6
Ýmislegt	4,5	5,0	0,5	11,1
	138,1	242,1	104,0	75,3

Af framangreindri töflu má marka, hve mikil umskipti hafa orðið við setningu hinna nýju vegalaga. Þegar **Ingólfur Jónsson**, sam-

göngumálaráðherra, mælti fyrir vegaaætluninni 15. apríl s.l. við 1. umræðu á Alþingi, sýndi hann fram á þá breytingu, sem nú er orðin í vegamálunum og lauk ræðu sinni með þessum orðum:

„Ég er hins vegar alveg viss um það, að háttvirtum þingmönnum finnst hér ekki um of mikla eða ríflega upphæð að ræða, þegar farið verður að skipta fénu, því að þarfirnar eru alls staðar miklar og kröfurnar stöðugt vaxandi um það að bæta samgöngurnar. Og það út af fyrir sig er ekkert undrunarefni, þótt þeir bæir, þær sveitir, þau héruð, sem hafa erfiðar og lélegar vegasamgöngur, leggi áherzlu á það, að úr því verði bætt sem allra fyrst. En það er enginn vafi á því, að nýju vegalögin marka tímamót, þau marka þáttaskil í þessum efnunum, og með þeim er gengið inn á nýjar brautir, sem munu reynast vel og farsællega. Og það er von mín, að vegaféð megi eftirleiðis nýtast betur en áður með breyttri vinnuáferð og með því að fá bættan vélakost fyrir vegagerðina og taka til meðferðar hverju sinni stærri verk heldur en oft hefur áður verið gert“.

„Ef við ekki getum...“

Síðastliðið sumar skipaði þáverandi heilbrigðismálaráðherra, **Bjarni Benediktsson**, nefnd til þess að endurskoða sjúkrahúsálög nr. 93 frá 1953. Árangur af starfi nefndarinnar kom fram í frumvarpi til laga um breytingu á sjúkrahúsálögunum, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi og samþykkt í meginatriðum óbreytt sem lög 8. maí s.l.

Helztu breytingar á sjúkrahúsálögunum, sem Alþingi samþykkti eru þessar:

1. Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum 60% kostnaðar af að reisa sjúkrahús. Í þessu ákvæði er sú breyting fólgin, að ríkisstyrkur til byggingar allra sjúkrahúsa, sem styrks njóta verður hinn sami. Áður greiddi ríkissjóður bæjarfélögum allt að 40%, öðrum sveitarfélögum allt að 67% og til byggingar fjórðungssjúkrahúsa allt að 60%. Gamla skipunin hafði reynzt handahófsleg og óraunhæf.

2. Sérstök skilyrði eru sett fyrir því, að ríkissjóður taki þátt í stofnkostnaði sjúkrahúsa. Undirbúningur sjúkrahúsabygginga verður að fara fram í samráði við heilbrigðismálaráðherra og landlækni, og kostnaðaráætlun og fullnaðarupprættir að hljóta samþykki þeirra og húsameistara ríkisins. Hér eru sett strangari ákvæði en áður giltu, til þess að tryggja vandaðri undirbúning og betra skipulag á sjúkrahúsabyggingum en verið hefur.

3. Heimilað er að ríkissjóður greiði 3/5 hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmlegt til þess að tryggja nauðsynlega lækniþjónustu.

4. Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læk-
isbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt og er ekki heimilt að
hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Þeg-
ar Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til sjúkrahússbyggingar
þá skal það einnig ákveða um framlögin frmmvegis. Ríkissjóði er
þá lögð sú skylda á herðar, að hafa lokið greiðslu á framlögum
sínunum til hvernar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðar-
áætlun, innan 5 ára frá því, að fyrsta framlag var innt af hendi,
ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga og innan 8 ára, ef sjúkra-
hús vistar fleiri sjúklinga. Ríkisframlag til læknaþustaða skal með
sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því fyrsta framlag var
greitt. Engin ákvæði voru í eldri lögum um það, hvenær ríkis-
framlag var gjaldfallið.

5. Settar eru almennar reglur um greiðslu rekstrarhalla sjúkra-
húsa, en samkvæmt eldri lögum voru styrkuppþæðir ákveðnar til
einstakra sjúkrahúsa.

Jóhann Hafstein, heilbrigðismálaráðherra, mælti fyrir frumvarp-
inu um breytingu á sjúkrahúsálgunum við 1. umræðu þess í neðri
deild 23. janúar s.l. Flutti ráðherra ýtarlega ræðu og skýrði frá
ástandi sjúkrahúsamálanna. Sagði hann, að við afgreiðslu fjár-
laga og við aðrar ákvarðanir í því sambandi hefðu framlög til
sjúkrahúsanna á þessu ári hækkað um nálega 40 millj. kr. frá því
sem var árið áður. Í þessari upphæð eru 15 millj. kr., sem ráðstafað
var af tekjuafgangi ríkissjóðs 1963. Þessi hækking til sjúkrahús-
anna skiptist þannig:

Vegna daggjalda	18,0 millj. kr.
Rekstrarstyrkir	3,5 — —
Byggingarstyrkir	19,0 — —
	<hr/>
	40,5 millj. kr.

Þó að þetta hefði áunnizt í fjárframlögum til sjúkrahúsanna j
þessu ári, taldi ráðherra margt óunnið og erfitt úrlausnar í þess-
um málum. Gerði ráðherrann grein fyrir helztu framkvæmdum,
sem nú standa yfir og ráðagerðir eru um að taka fyrir í næstu
framtíð. Kostnaður við framkvæmdir vegna viðbótarbyggingar Lands-
spítalans hefði verið orðinn um síðastliðin áramót 76 millj. kr.,
en kostnaður við að ljúka því, sem nú væri í byggingu myndi nema
til viðbótar 93,3 millj. kr. Kostnaður við þær framkvæmdir, sem
ráðagerðir eru um að taka næst fyrir við Landsspítalann myndi
verða um 130 millj. kr., en þar væri um að ræða stækkun Fæð-
ingardeildarinnar, stofnun geðveikradeildar, rannsóknarstofur og
viðbót við Hjúkrunarkvennaskólann. Kostnaður við þær framkvæmd-
ir við Landsspítalann, sem nú standa yfir og þær sem ráðgerðar
eru myndi því nema um 300 millj. kr. Ennfremur skýrði ráðherr-
ann frá því, að Borgarsjúkrahúsið í Fossvogi myndi kosta um 200
millj. kr., en þar af hefur framkvæmdum verið lokið fyrir 73 millj.

kr. Samkvæmt þessu myndi heildarkostnaður við Borgarsjúkra-
húsið og breytingar og viðbótarbyggingar á Landsspítalanum og
fyrirhugaðar nýbyggingar nema samkvæmt áætlun dagsins í dag
um 500 millj. kr. En af þessum 500 millj. kr. væri í dag búið að
verja 150 millj. kr. til framkvæmda, svo að eftir stæði um 350
millj. kr., sem væri verkefni, sem biði næstu ára. Benti ráðherr-
ann á, að á döfinni væru byggingar stórra sjúkrahúsa annars stað-
ar í kaupstöðum landsins svo sem Siglufirði, Vestmannaeyjum,
Akranesi og Húsavík. Hér væri um að ræða byggingar, sem ýmist
væri verið að byrja á eða lengra komnar og kostnaður við sjúkrahúsa-
byggingar í þessum kaupstöðum hefði lauslega verið áætlaður 70
—80 millj. kr. Ráðherrann kvað ýmissa fleiri framkvæmda þörf
en þeirra, sem taldar hefðu verið og væru raunar hinar stærstu
framkvæmdir. Sýndi það, hvað viðfangsefnin í heilbrigðismálunum
væru mikil og vandasöm. Hann kvað nauðsynlegt, að mönnum dyld-
ist ekki, hversu mikill vandi okkur væri á höndum og engum bland-
aðist hugur um, að gífurlegra framlaga og fjáröflunar væri þörf
nú og á næstu árum til þess að mæta aðkallandi þörf í samræmi
við ráðagerðir og áætlanir, sem fyrir lögju að beztu manna yfir-
sýn í þessum málum. Nauðsynlegt hefði verið að gera breytingar
á sjúkrahúsálgunum, til þess að betur væri mætt þeim miklu
viðfangsefnum, sem við blöstu.

Heilbrigðismálaráðherra lauk ræðu sinni með þessum orðum:

*„Eins og ljóst má vera af því, sem ég nú hefi dregið á, er
á þessu sviði í mörg horn að líta. Ég er hræddur um, að við
gleymum þessum málum oft í okkar endalausa karpi um efna-
hagsmálin, sem nú virðast ná yfir allt milli himins og jarðar
í landi voru. Í auðugasta landi heims glíma þeir nú við fátækt-
ina. Á sama tíma hefur almenn og jöfn velmegun aldrei verið
meiri á Íslandi. Haft er eftir hinum unga látna forseta Banda-
ríkjanna, John Kennedy, að hann hafi mælt á þá leið, að ég
hygg, þegar hann tók við forsetaembætti, eða eitthvað á þá
leið: „Ef við ekki getum hjálpað þeim fátæku í landi okkar,
getum við ekki heldur hjálpað þeim ríku“. Og Lyndon B. John-
son núverandi forseti Bandaríkjanna hefur nýlega í merkri
stefnumótaræðu lýst yfir því, sem hann kallar algjöru stríði
á hendur fátæktinni. Slíkt stríð við fátæktina þurfum við Ís-
lendingar ekki að heyja í dag, en gætum við ekki með ekki minni
rétti sagt: Ef við ekki getum hjálpað þeim sjúku í landi okkar
þá getum við ekki heldur hjálpað þeim heilbrigðu. Það er eitt-
hvað þessu líkt, sem ég vil minna okkur alla alþingismenn á í
dag. Það biður samstilltra átaka okkar og sameiginlega góðs
vilja, að glæða og efla heilbrigði í landinu. Ekki gerist þetta
án erfiðleika. Hinu treysti ég, að hér vilji menn bera hvers
annars byrðar og við skulum því ekki örvænta um árangur“.*

„Nú óskar skattþegn ...“

Eitt af þeim furðulegu fyrirbærum, sem fyrir koma í íslenskri stjórnmalabaráttu, eru deilur og karp um staðreyndir og mistúlkun á ákveðnum hugtökum. Verður ekki annað sagt en að stjórnarandstaðan hafi á undanförunum árum leikið þessar listir af miklu kappi. En í þessu efni hefur hún slegið öll sín fyrri met með fullyrðingunum um það, að breytingar þær, sem gerðar voru á skattalögunum á síðasta Alþingi feli í sér skattahækkanir en ekki skattalækkanir. Í eldhúsdagssumræðum frá Alþingi 12. maí s.l. vék **Gunnar Thoroddsen**, fjármálaráðherra, að þessu efni og sagði m. a.:

„En ósköp væri það æskilegt, ef stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar gætu t. d. komið sér saman um hvað felst í hugtakið að hækka tolla eða skatta og hvað felst í hugtakið, að lækka tolla og skatta. Kerlingarnar körpuðu um það, hvort grasið á þúfunni væri klippt eða skorið. Og fólkið í landinu verður að hlusta á karp íslenskra stjórnmalamanna um það, hvort tillækin ráðstöfun í skatta eða tollamálum sé hækkun eða lækkun. Til skamms tíma hefur það að vísu verið viðurkennt, að þótt óbreyttir eða lækkaðir skattstigir skiluðu ríkissjóði eða sveitarsjóðum hærri heildarupphæð vegna aukinna tekna manna héti það ekki skatta- eða útsvarshækkun. Á sama hátt hefur það verið kölluð tollalækkun, þegar hundradshluti tolla hefur verið lækkaður af vörueiningu, þó að heildarupphæð tollsins í ríkissjóð væri hærri, vegna þess að innflutningurinn vex. Og til skamms tíma hefur það ekki verið talin hækkun á söluskatti, þó að aukin velta í þjóðfélaginu skili með óbreyttri hundradstölu söluskatts fleiri krónum í ríkissjóð og sveitasjóði. Á þessum skilningi byggir ég að sjálfsögðu það, sem ég segi um skatta- og tollamál.“ (Vísir 13. maí 1964)

Þegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignaskatt var lagt fram á Alþingi í apríl s.l. fylgdu því upplýsingar, er sýndu útreikninga á tekjuskatti samkvæmt frumvarpinu annars vegar og hins vegar samkvæmt tekjuskattslögunum frá 1962. Kom þar glöggst í ljós sú skattalækkun, sem fólst í frumvarpinu. Ekki tóku stjórnarandstæðingar mikið mark á slíkum staðreyndum og þótti lítið til koma. Mótaðist allur þeirra málflutningur af slíkum sjálfbirgingshætti, að ætla hefði mátt, að þeir hefðu sjáfir af einhverju að státa. Með tilliti til þessa gerði fjármálaráðherra, **Gunnar Thoroddsen** við 1. umræðu málsins í efri deild 17. apríl s.l. samanburð á skattbyrðinni, eins og hún var á valdatímum vinstri stjórnarinnar árið 1958 og hins vegar eins og hún yrði samkvæmt frumvarpinu, sem nú er orðið að lögum. Á eftirfarandi töflu sétt þessi samanburður.

Netto tekjur árið 1963	Tekjuskattur 1964 skv. gild- andi lögum '58	Tekjuskattur 1964 skv. frum- varpinu
Einhleypingar		
65 þús. kr.	2870 kr.	ekkert
70 þús. kr.	3382 kr.	500 kr.
Hjón		
80 þús. kr.	2990 kr.	ekkert
91 þús. kr.	4490 kr.	ekkert
100 þús. kr.	5915 kr.	900 kr.
Hjón og 1 barn		
100 þús. kr.	4627 kr.	ekkert
110 þús. kr.	6565 kr.	600 kr.
Hjón og 2 börn		
117 þús. kr.	6615 kr.	ekkert

Framangreindir útreikningar eru óhrekjanlegar staðreyndir. En þar sem stjórnarandstæðingar neituðu staðreyndum og héldu fram, að stjórnin væri að hækka beinu skattana, þá gerði fjármálaráðherra þeim tilboð í umræðum á Alþingi um þessi mál og stakk upp á því að sett yrði í tekjuskattsfrumvarpið ákvæði á þessa leið:

„Nú óskar skattþegn, að tekjuskattur hans sé á lagður samkvæmt þeim skattalögum, sem giltu 1958, og skal skattstjóri þá verða við þeim tilmælum.“

Stjórnarandstæðingar þekktust ekki þetta góða boð. Hvað kom til?

Hverjar eru orsakir verðbólgunnar?

Eitt af því, sem einkennt hefur stjórnmalabaráttuna síðustu misserin eru deilur um það, hverjar séu orsakir verðbólgunnar. Hefur stjórnarandstaðan haldið fram, að verðlagshækkanir hafi valdið því, að verðbólgan hefur aukizt mjög, en stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar lagt áherzlu á hlut kauphækkana í vexti verðbólgunnar.

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, ræddi þetta mál í eldhúsdagssumræðum frá Alþingi 11. maí s.l. og sagði:

„Í sjálfu sér skiptir ekki öllu máli, hvort menn segja, að verðlagshækkanir eða kauphækkanir ráði meira um vöxt verð-

bólgunnar. Aðalatriðið er, að hér er um víxláhrif að ræða. Ef kauphækkunir fara fram úr raunverulegri greiðslugetu atvinnuvega og eru ekki í samræmi við vöxt þjóðartekna, hljóta þær að leiða til verðlagshækkana og verðlagshækkunar ýta mjög á eftir kauphækkunum. Þegar kauphækkunir voru umsamar í desember s. l. var þegar á það bent, að þeim hlyti að fylgja margs konar verðlagshækkunir. Þetta var að mestu hægt að reikna út fyrirfram, þó að stjórnarandstæðingar virtust þá hafa furðulega lítinn áhuga á að kynna sér hina fyrirsjáanlegu þróun.

Mönnum blöskra að vonum verðlagshækkunar sem urðu 1963 og það sem af er þessu ári. Þess vegna er fróðlegt fyrir alla að kynna sér orsakir þessarar hækkunar. Ég hefi með höndum áætlunir um skiptingu vísitölhækkunar ((framfærslu-vísitölu) eftir orsökum frá 1. janúar 1963 til 1. apríl 1964, sem samín er af Hagstofunni. Þessi áætlun hljóðar svo:

Hækkun fob-verðs á kaffi og sykri	3,1 stig
Niðurfelling niðurgreiðslu á kaffi, fódurbæti og áburði	0,6 —
Hækkun söluskatts úr 3% í 5½%	2,3 —
Hækkun tekjuskatts, útsvars, almannatryggingagjalda o. fl. svo og lækkun á fjölskyldubótum úr 3.077 kr. í 3000 kr. á barn frá ársbyrjun 1964. Hækkun sjúkrasamlagsgj. á tímabilinu 1/1 '63—1/4 '64 meðtalin ..	3,9 —
Hækkun prósentuálagningar (vegna launahækkana o. fl.)	1,0 —
Hækkun fiskverðs	1,1 —
Hækkun á áfengi og tóbaki	0,8 —
Stéttarfélagsgjöld	0,5 —
Hækkun landbúnaðarvöruverðs vegna hækkunar á tekjum atvinnustétta	2,3 —
Almennar launahækkunir	14,0 —
Ýmislegt (lagfæringar á verðlagsgrundvelli, ýmsar verðhækkunir, sem ekki er hægt að rekja beint til launahækkana, hækkun benzínverðs, hækkun á frakt, hækkun á húsnæðislið og ýmsar aðrar hækkunir. Frá dregst lækkun á tollum á ávöxtum í des. s.l.)	3,7 —

Alls 33,3 stig

Af öllum þeim orsökum, sem Hagstofan telur, er almennar launahækkunir langhæst eða beinlínis 14 stig að 33. En hækkunir kaupaxta eða tekna eru þó bein eða óbein orsök hækkana margra annarra liða. Þannig stafar hækkun tekjuskatts og útsvars ekki af hækkunum skattstíga, heldur af meiri tekjum skattgreiðenda á árinu 1962 en á árinu 1961. En þær vaxandi tekjur eiga á hinn bóginn rót sína að rekja sumpart til góðærisins 1962 og sumpart til kauphækkana á því ári. Hækkun al-

mannatrygginga og sjúkrasamlagsgjalds stafar beinlínis af kauphækkunum. Kauphækkunir á síðastliðnu ári gerðu hækkun söluskatts úr 3% í 5½% óumflýjanlega. Þær eru því óbein orsök þeirrar verðhækkunar, sem hækkun söluskattsins leiddi af sér. Svipuðu máli gegnir um ýmsa aðra liði, svo sem hækkun prósentuálagningar, hækkun fiskverðs, hækkun stéttarfélagsgjalda, hækkun farmgjalda í millilandasiglingu o. fl. Að baki allra þessara hækkana liggja kauphækkunir, ef ekki að öllu, þá að langmestu leyti. Loks hefur sú tekjuhækkun, sem varð á árinu 1962 umfram hækkun kaupaxta, leitt til hækkunar á verði landbúnaðarafurða um 2,3 stig. Hækkunir þeirra liða, sem ég hefi nú nefnt, nema samtals 12 stigum, er koma til viðbótar þeim 14 stigum, sem áður eru nefnd og beinlínis voru almennar launahækkunir. Þá eru eftir um 7 stig af 33 stiga hækkuninni, sem ekki verða rakin beint eða óbeint til hækkunar kaupaxta eða tekna nema þá að litlu leyti. Hverjar eru orsakir þessarar 7 stiga hækkunar? Þær eru ýmsar og flestar þess eðlis, að stjórnarvöldin hafa ekki haft tök á að ráða við þær. Hækkun á fob-verði kaffi og sykurs hefur t. d. valdið 3 stiga hækkun og lagfæringar á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða 1—½ stigi. Allt er þetta samanslungið. Víxláhrifin eru greinileg, en óumdeilanlegt er, hvaða úrslitahjúðingu sjálfar kauphækkunir hafa, hvernig þær áður en varir eyða þeim ávinningi, sem ætlað var að ná. (Vísir 12. maí 1964).

Opinberar álögur

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, gerði í eldhúsdagsumræðum á Alþingi 12. maí s.l. grein fyrir því, hve álögur hins opinbera er stór hundradshluti af þjóðarframleiðslunni. Hann gerði og sam- anburð í þessu efni við 5 lönd í grennd við okkur, til þess að fá réttan samanburð við önnur lönd. Eru í álögum hins opinbera í þessum samanburði taldir allir beinir og óbeinir skattar til ríkissjóðs og sveitarsjóða, hagnaður af ríkisfyrirtækjum og öll iðgjöld til almannatrygginga en að frádregnum útflutningsuppbótum. Álögur eða tekjur hins opinbera eru þannig teknar í víðtækari merkingu en gert er að jafnaði til þess að fá réttan samanburð við önnur lönd.

Árið 1962 voru tekjur hins opinbera eða opinber gjöld í þessum skilningi í eftirfarandi löndum í hlutfalli við þjóðarframleiðslu sem hér segir:

Ísland	tæp 27%
Danmörk	tæp 29%
Bretland	33%

Noregur	36%
Vestur-Pýzkaland	rúm 37%
Svíþjóð	tæp 40%

Á síðastliðnum 6 árum hafa opinberar álögur eða tekjur hins opinbera á Íslandi verið í hlutfalli við þjóðarframleiðslu sem hér segir:

Árið 1958	28%
— 1959	rúm 28%
— 1960	rúm 31%
— 1961	tæp 28%
— 1962	tæp 27%
— 1963	tæp 27%

Af framangreindum tölum verða dregnar þær ályktanir, að

- 1) álögur hins opinbera á Íslandi eru ekki þyngri en í nágrenna löndum okkar, heldur eru álögurnar hér nokkru lægri hundraðshluti af þjóðarframleiðslu. En hafa ber í huga kostnað þessara þjóða af landvörnum.
- 2) álögur hér á landi í heild eru ekki meiri nú en fyrir 4—5 árum, heldur minni.

Þannig standast þær fullyrðingar stjórnarandstöðunnar, að opinberar álögur séu nú meiri á Íslandi en nokkru sinni fyrr og séu svo þungbærar, að vart eigi sinn líka í öðrum löndum.

Merk löggjöf

Þó að efnahags- og fjármál bæri hæst á síðasta Alþingi voru samþykkt mörg merk lög um önnur efni og skal hér getið nokkurra hinna helztu:

Árið 1962 skipaði samgöngumálaráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um framtíðarskipan ferðamála á Íslandi og starfsemi ferðaskrifstofa og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurður Bjarnason, alþingismaður og Þorleifur Þórðarson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. Árangur þessa starfs kom fram í frumvarpi, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi 24. apríl s.l. Í lögum þessum eru settar reglur um starfsemi almennra ferðaskrifstofa. Sú breyting er gerð á hlutverki og starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, að afnuminn er einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að hafa með höndum móttöku erlendra ferðamanna. Af þessu leiðir, að veruleg útfærsla verður á starfsemi annara þeirra ferðaskrifstofa, sem hér hafa risið upp á síðastliðnum árum. Setja skal á fót sérstakt ferðamálaráð og stofna skal ferðamálasjóð. Gert er

ráð fyrir föstu framlagi á fjárlögum til landkynninga óháð rekstursafkomu Ferðaskrifstofu ríkisins. Einnig er tekið upp það nýmæli, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli vinna að hagnýtingu skólahúsnæðis í ríkisskólum til gistihalds og annars reksturs í þeim að fengnu samþykki ráðherra. Ennfremur er það nýmæli í hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins, að hún vinni að því í samvinnu við ferðamálaráð, að stofnuð verði ferðamálafélög í þeim bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja öðrum fremur, svo og stuðla að útgáfu leiðarlýsingar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Hugmyndirnar að flestum nýmælum í lögum þessum er að finna beint eða óbeint í frumvörpum til laga um ferðamál og landkynningu, sem flutt voru af Gunnari Thoroddsen, Magnúsi Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Jóhanni Hafstein á árunum 1954—1955, en náðu þá eigi fram að ganga.

Í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var árið **Loffferðir**. 1956 skv. tillögu Gunnars Thoroddsen, skipaði Ingólfur Jónsson, flugmálaráðherra, þriggja manna nefnd 23. marz 1956 til þess að semja frumvarp til laga um loftferðir. Í nefndinni áttu sæti Gizur Bergsteinsson, hæstaréttardómari, Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari og Jónas G. Rafnar, alþingismaður. Frumvarp, er nefndin hafði samið, var flutt á Alþingi 1962, en varð eigi útrætt. Var frumvarpið síðan lagt aftur fram á síðasta Alþingi og samþykkt sem lög 9. maí s.l. Með lögum þessum voru numin úr gildi loftferðalög frá 1929 og flugvallalög frá 1945. Síðan lög þessi höfðu verið sett, hafði margt breytt, flugið orðið mikilvægara og ýmsar tæknilegar breytingar orðið á. Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamþykktum á sviði flugmála og höfðu sumar þeirra lagagildi hér en aðrar ekki. Vegna eðlis flugsins hlýtur löggjöf hvers lands um flugmál að sníðast í verulegum atriðum eftir alþjóðareglum. Með hinum nýju lögum er íslensk löggjöf færð til samræmis við alþjóðareglur og sérstök hliðsjón höfð af nýjum norrænum loftferðalögum, einkum þeim dönsku og norsku. Er hér um mikinn lagabálg að ræða.

Ný skipulagslög voru samþykkt á Alþingi 8. maí **Skipulagsmál**. s.l. Áður giltu lög um skipulag kaupúna og sjávarþorpa frá árinu 1921 með síðari breytingum. Árið 1958 var lagt fram á Alþingi frumvarp um skipulagslög, en það náði ekki fram að ganga og var vísað til ríkisstjórnarinnar. Árið 1960 fól félagsmálaráðuneytið Skipulagsnefnd ríkisins að endurskoða frumvarpið frá 1958. Var þá samið nýtt frumvarp, sem lagt var fram á Alþingi 1962 með þeim fyrirvara, að það var ekki ætlazt til, að frumvarpið væri samþykkt og gengið frá því þá. Var þetta gert til þess að sýna frumvarpið og til þess að sveitarstjórnir og aðrir, sem hagsmuna hefðu þar að gæta, mættu fá aðstöðu til að kynna sér það, áður en endanlega yrði gengið frá því á Alþingi. Að lokinni þessari athugun var frumvarpið enn á ný lagt fram á

Alþingi s.l. haust í flestum aðalatriðum óbreytt og samþykkt sem lög. Í lögum þessum eru ýmis nýmæli. Skipulagsskyldan er færð úr 200 íbúa svæðum og niður í 100, þannig að hvert byggðarlag, þar sem í þéttbýli eru samankomnir 100 manns eða fleiri skal nú vera skipulagsskylt. Kveðið er á um, hvernig með skuli fara, ef heppilegra þykir að gera skipulagsuppdætti af stærra svæði heldur en sem tekur til eins sveitarfélags. Heimilt er að skylda sveitarstjórnir til að láta gera lóðaskrár, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélaga, eða tiltekins hluta þess. Margháttað önnur nýmæli eru í lögum þessum enda eru þau sett með hliðsjón af erlendri löggjöf og fenginni reynslu hérlendis.

Árið 1949 var fyrst sett löggjöf um meðferð lövaðra **Áfengismál.** manna og drykkjusjúkra. Með því að lög þessi voru talin þurfa breytinga við, var nefnd skipuð árið 1959 til að semja frumvarp að nýjum lögum um þetta efni. Eftir að frumvarp þetta lá fyrir, fól þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Bjarni Benediktsson, yfirlæknunum Tómasi Helgasyni og Þórði Möller frekari athugun málsins. Að þeirri athugun lokinni, var lagt fyrir Alþingi 1962 frumvarp að nýjum lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. En þá vannst ekki tími til, að frumvarpið fengi fullnaðarafgreiðslu. Á síðasta Alþingi var frumvarpið á ný lagt fram og samþykkt sem lög 6. maí s.l. Í lögum þessum eru gerðar breytingar, að fenginni reynslu, til þess að gera vissa meðferð ölvaðra manna framkvæmanlegri en verið hefur. Tekin er upp nákvæm skráning á ölvunartilfellum, sem lögreglan skiptir sér af, svo og skráning á drykkjusjúklingum. Um meðferð drykkjusjúkra manna skulu gilda sem svipaðastar reglur og um meðferð annara sjúklinga, eftir því sem við getur átt. Séð verður fyrir auknu fé til að komið verði upp þeirri þjónustu, sem lagt er til að höfð verði við þessa sjúklinga. Stórauknu fé er varið til þessarar starfrækslu. Lögboðið er, að af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skulu árlega greidd 7½ millj. kr. í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Það er 5 millj. kr. meira heldur en varið hefur verið í þessum tilgangi áður. Af tekjum gæzluvistarsjóðs skal árlega verja a. m. k. 2% til rannsóknna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki. Þessi lög byggjast á þeirri reynslu sem fengizt hefur hér á landi í meðferð þessara mála, og hliðsjón var höfð af skipan á meðferð drykkjusjúkra manna í nágrennalöndum okkar. Er hér um merka laga-setningu að ræða, sem miðar að raunhæfum umbótum í áfengisvandamálum okkar.

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.
Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, gaf stefnuyfirlýsingu af hálfu ríkisstjórnarinnar í sameinuðu Alþingi 13. október s.l. Það er nýlunda hér á landi, að slík yfirlýsing sé gefin í byrjun þings. Hins vegar tíðkast sá siður meðal sumra nágrannaþjóða okkar, að ríkisstjórnir gefi árlega slíkar yfirlýsingar í upphafi þings til að boða þau helztu verkefni, sem ríkisstjórn mun beita sér fyrir á þinginu.

Forsætisráðherra minnti á, að þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð 20. nóvember 1959, hafi þáverandi forsætisráðherra, Ólafur Thors, gefið stefnuyfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd og mælti síðan:

„Megin stefna ríkisstjórnarinnar er enn hin sama og þar var lýst, að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og lífskjör geti farið enn batnandi. Til þess að þetta náist, þarf að gæta þess, að viðumandi greiðslujöfnuður haldist við útlönd ásamt nægilegum gjaldeyrissjóði, enda er það forsenda frjáls innflutnings og lánstrausts þjóðarinnar erlendis. Ennfremur þarf að tryggja, að framkvæmdir fari ekki fram úr sparnaði þjóðarinnar og notkun erlends lánsfjár til langs tíma og að hækkun kaupgjalds sé í samræmi við framleiðniaukningu og verðhækkunir á íslenskum útflutningsvörum erlendis. Jafnframt verður að hafa greiðsluhallalausn ríkisbúskap og halda aukningu útlána banka innan hæfilegra takmarka.“

(Morgunblaðið 14. október 1965.)

Síðan gat forsætisráðherra helztu mála, sem ríkisstjórnin hyggst nú beita sér fyrir. Hafa sum þessara mála áður verið á dagskrá, en mörg þeirra eru nýmæli. Helztu verkefni, sem ríkisstjórnin mun leggja áherzlu á, eru að

- 1) stofnað verði hagrád, sem ræði ástand og horfur efnahagsmála og meginstefnur í þeim málum,
- 2) lögð verði áherzla á málefnalegt samstarf við almennasamtök í landinu, stéttafélög verkalýðs og vinnuveitenda,
- 3) stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og fræðslu um ágreiningsefni stétta og hagsmunahópa, með þeim hætti, að samtök aðila telji sig mega treysta því, að rétt sé með farið og hlutlausar upplýsingar séu fyrir hendi,
- 4) vinna að því, að stéttarfélag verkalýðs og vinnuveitenda nái sem víðtækustum samningum um ágreiningsmál sín,
- 5) haldið verði áfram framkvæmdum um vinnuhagræðingu og aukin afköst og bættu nýtingu íslenzkrar efnivöru, til þess að bæta samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna,
- 6) raunhæf verði sú stytting vinnutímans, sem kaupgjaldssamningar á s.l. sumri stefndu að,
- 7) athugað verði að setja reglur um orlof í samræmi við það, sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum,
- 8) stefnt verði að því að koma á staðgreiðslukerfi skatta á árinu 1967,
- 9) hert verði á tollgæzlu og skattaeftirliti, til þess að skattar og tollheimta gangi jafnt yfir alla,
- 10) sett verði á stofn sérstök hagsýsludeild í fjármálaráðuneytinu, til þess að tryggja sem best hagsýni og ráðdeild í meðferð opinbers fjár,
- 11) sett verði lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ. e. sparfjár og lána til langs tíma,
- 12) halda áfram ósleitilega undirbúningi að stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn,
- 13) láta fara fram heildarendurskoðun á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið endurskoðaðir á undanförunum árum,
- 14) setja nýjar og einfaldari reglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumála,
- 15) teknar verði upp skipulegar vísindalegar rannsóknir í skóla- og uppeldismálum,
- 16) gerð verði framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á næstu árum og stefnt að því að fullnægja með skipulegum hætti þörf fyrir skólahúsnæði á öllum skólastigum,
- 17) gerð verði áætlun um eflingu íslenzkra rannsókna bæði í raunvísindum og hugvísindum,
- 18) athugun fari fram í samráði við háskólaráð á nauðsynlegri eflingu Háskóla Íslands á næstu árum,
- 19) gerð verði gangskör að því, að kanna með hverjum hætti íslenzkur landbúnaður geti best séð þjóðinni fyrir landbúnaðar-

- vörum með sem minnstum tilkostnaði, framleitt samkeppnis-hæfar vörur til útflutnings og tryggt bændum viðunandi lífskjör,
- 20) reynt verði að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda um ákvörðun búvöruverðs,
- 21) Framkvæmdabankinn verði lagður niður, en stofnlánasjóðir atvinnuveganna styrktir og komið á hagkvæmri skipan þeirra sjóða og banka, sem fást við veitingu framkvæmdalána,
- 22) stofnaður verði framkvæmdasjóður strjálbýlisins,
- 23) framkvæmdaáætlanir verði gerðar fyrir einstaka landshluta, svipað og unnið er að fyrir Vestfirði nú,
- 24) endurbætur verði gerðar á löggjöf um aðstoð við húsbyggingar og framkvæmdir í þeim efnu í samræmi við yfirlýsingu stjórnarinnar hinn 9. júlí s.l.,
- 25) sett verði lög um eignar- og afnotarétt fasteigna,
- 26) sett verði ný löggjöf um iðnfræðslu,
- 27) vinna að því að koma upp nýjum atvinnugreinum, kísilgúrvinnslu við Mývatn og alúmíníumvinnslu í sambandi við virkjun Þjórsár,
- 28) halda áfram, eftir því sem frekast gefst færi til, að vinna að viðurkenningu annarra ríkja á rétti Íslands til landsgrunnins alls, sbr. ályktun Alþingis 5. maí 1959,
- 29) kanna til hlítar, hvort Ísland skuli gerast aðili að Friverzlunarbandalagi Evrópu,
- 30) taka enn sem fyrr heilshugar þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna, norrænni samvinnu og friðarvörzlu Atlantshafsbandalagsins.

Af framansögðu má marka, að ríkisstjórnin hefur sett sér mörg og mikilvæg verkefni. Ekki verður sagt, að ríkisstjórnin hafist litt að. Fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um slíkt hljóma sem öflugmæli. Engin ríkisstjórn hefur áður tekið fyrir með skipulegum hætti mörg þeirra verkefna, sem hér er ráð fyrir gert. Þau eru líka þess eðlis, að vonlaust væri að leysa þau, ef ekki væri fenginn sá grundvöllur, sem viðreisnarstefna ríkisstjórnarinnar hefur lagt á undanförunum árum. Á þeim grundvelli verður byggt við úrlausn þessara verkefna. Þeir, sem lagt hafa grunninn, munu færastir um að byggja ofan á hann.

Byggingarkostnaður

Viðast hvar í lýðræðislöndum eru húsnæðismálin meðal hinna þýðingarmestu mála. Fólki, sem býr í heilsuspillandi íbúðum eða í ofþrengslum eða getur ekki stofnað heimili vegna húsnæðisskorts, get-

ur átt við ósegjanlega erfiðleika að stríða. Það getur haft háskaleg áhrif á heilsufar, leyst upp heimilistengsl og gert framtíðarvonir að engu. Fólki, sem ből húsnæðisskortsins hrjáir, getur leiðzt til hvers konar örþrifaráða, sem riðið geta efnahag þess að fullu. Allir heilbrigðir menn hafa samúð með fólki, sem lendir í slíkum erfiðleikum. Einmitt vegna þessarar sérstöðu húsnæðismálanna verður sumum stjórnmalaflokkum hætt við að nota þau enn frekar en önnur mál í lýðskrums- og auglýsingarskyni. Verður ekki annað sagt en stjórnarandstaðan hafi æði oft fallið í þessa gröf. Skortir þá ekki á, að hún fari hugnæmum orðum um raunir hinna húsnæðislausu, en síður er hirt um að benda á raunhæf úrræði.

Þessi veikleiki stjórnarandstöðunnar beinist nú einkum að upphrópunum um hækkun byggingarkostnaðar. Er ríkisstjórnin forðæmd mjög fyrir það, að byggingarkostnaður hefur farið hækkandi, en ekki hirt um að rekja orsakir hækkunarinnar eða aðdraganda.

Til glöggvunar í þessu máli skal hér birt tafla yfir vísitölu byggingarkostnaðar frá októbermánuði 1949 til októbermánaðar s.l.

Október 1938 er 100

ár	október
1949	527
1950	674
1951	790
1952	801
1953	835
1954	904
1955	969
1956	(ekki reiknað út)
1957	1134
1958	1298
1959	1279
1960	1454
1961	1628
1962	1744
1963	1909
1964	2132
1965	2587

Af framangreindri töflu má marka, að

- 1) á tímabilinu október 1949 til október 1958 hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 147,3% eða sem svarar meðal hækkun frá ári til árs yfir allt tímabilið 10,5%.
- 2) á tímabilinu október 1958 til október 1965 hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 99,3% eða sem svarar meðal hækkun frá ári til árs yfir allt tímabilið 10,3%.

Af þessu sézt, sem raunar var vitað, að komið hefur það fyrir, áður en í tíð núverandi ríkisstjórnar, að byggingarkostnaður hefur hækkað. Og ekki hallar á núverandi ríkisstjórn í þessu efni borið saman við það, sem áður hefur verið. En að sjálfsögðu hefur það ekki raunhæfa þýðingu að metast á um það, hvenær byggingarkostnaður hefur hækkað mest. Kaupgjaldshækkanir ráða þar langmestu um fyrr og síðar. Það, sem raunhæfa þýðingu hefur á hverjum tíma, er að ríkjandi stjórnarstefna og aðgerðir stjórnvalda geri almenningi sem bezt kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Á undanförunum árum hefur einn megin vandinn í þessu efni verið sá fyrir allan almenning að fá lánsfé til byggingaframkvæmda. Veigamesti þátturinn í þeirri viðleitni að bæta hér úr hefur verið starfræksla veðlánakerfis Húsnæðismálastjórnar. Einn bezti mælikvarðinn á ástand húsnæðismálanna er því að bera saman upphæð íbúðalána Húsnæðismálastjórnar og vísitölu byggingarkostnaðar. Árið 1958 var hámarkslán út á hverja íbúð 100 þús. kr., en árið 1965 280 þús. kr.

Við samanburð á hækkun íbúðarlána og hækkun vísitölu byggingarkostnaðar kemur í ljós, að á tímabilinu frá október 1958 til október 1965 hefur

- 1) vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 99,3%, en
- 2) íbúðarlánin hækkað um 280%.

Þessa má vel minnst, þegar rætt er um ástand húsnæðismálanna í dag.

Vegaáætlun 1965-1968

Alþingi samþykkti 2. apríl s.l. þingsályktun um vegaáætlun fyrir árin 1965—1968. Þetta er fyrsta vegaáætlun, sem gerð er til fjögurra ára samkvæmt vegalögunum, sem sett voru í desember 1963 (Fréttabréf nr. 7, bls. 3—4). Skal gera vegaáætlun til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Fyrir árið 1964 var gerð áætlun sérstaklega samkvæmt bráðabirgðaákvæðum vegalaganna (Fréttabréf nr. 8, bls. 5—7). Með þessari fyrstu fjögurra ára áætlun er komið til framkvæmda eitt af veigamestu nýmælum vegalaganna nr. 71 frá 1963.

Ingólfur Jónsson, samgöngumálaráðherra, ræddi um málið í sameinuðu þingi 3. febrúar s.l. við fyrri umræðu um þingsályktun um vegaáætlunina og fórust honum m. a. orð á þessa leið:

„Með vegalögunum var lagður grundvöllur að bættum vinnubrögðum í vegagerð með því að taka upp skipulega áætlun í framkvæmdum til fjögurra ára í senn. Með því er mögulegt að

draga upp heildarmynd fyrir stærri verk, sem unnin verða, með fyrirfram gerðri áætlun fram í tímann. Er enginn vafi á því, að oft hefur vegafé notast verr vegna þess, að ekki var til heildaráætlun fyrir framkvæmdirnar, en unnið á hverjum stað fyrir aðeins litlar upphæðir í einu. Með því móti var mikill kostnaður við flutning á vinnuvélum og vinnuflokkum, sem ætti að sparast að einhverju leyti með því fyrirkomulagi, sem nú verður upp tekið.“

Í eftirfarandi töflum greinir frá áætlun um tekjur og skiptingu útgjalda skv. fjögurra ára vegaáætluninni:

Tekjur				
	1965	1966	1967	1968
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Benzínskattur	153.0	156.4	162.5	171.5
Gúmmígjald	8.9	9.7	10.6	11.6
Pungaskattur	38.1	41.0	44.3	47.9
Ríkisframlag	47.0	47.0	47.0	47.0
Eftirstöðvar tekna 1964	16.7			
Samtals	263.7	254.1	264.4	278.0

Útgjöld				
	1965	1966	1967	1968
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Stjórn og undirbúningur	10.4	10.7	11.1	11.4
Viðhald þjóðvega	93.5	98.6	103.7	109.0
Nýir þjóðvegir	60.4	53.9	54.9	57.6
Fjallavegir, reiðvegir og ferjuhald	1.9	1.9	1.9	2.0
Brúargerðir	31.3	27.5	28.4	30.4
Sýsluvegasjóðir	10.0	11.8	11.9	12.0
Vegir í kaupstöðum og kaupsþunum	32.9	31.8	33.1	34.8
Véla- og áhaldakaup	11.0	11.0	12.0	13.0
Ýmislegt	12.3	7.2	7.4	7.8
Samtals	263.7	254.4	264.4	278.0

Útgjöld til nýrra þjóðvega skiptast sem hér segir:

	1965	1966	1967	1968
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Hraðbrautir	10.0	10.0	10.0	10.0
Þjóðbrautir	22.8	19.4	20.3	23.6
Landsbrautir	27.6	24.5	24.6	23.9
Samtals	60.4	53.9	54.9	57.6

Samkvæmt vegaáætluninni er heimilað að vinna að lagningu þjóðvega umfram það, sem fé vegasjóðs leyfir á áætlunartímabilinu og að framan greinir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna. Þessi heimild er sem hér segir:

	1965	1966	1967	1968
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Hraðbrautir	62.5	63.9	75.8	71.8
Þjóðbrautir	17.4	19.4	15.1	10.9
Landsbrautir	5.2	4.5	3.4	4.6
Samtals	85.1	87.8	94.3	87.3

Ef heimild er notuð til fjáröflunar til viðbótar við ráðstöfunarfé vegasjóðs, samkvæmt vegaáætluninni, getur heildarframlag til vegamála orðið sem hér segir:

	1965	1966	1967	1968
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Ráðstöfunarfé vegasjóðs	263.7	254.4	264.4	278.0
Heimild til fjáröflunar	85.1	87.8	94.3	87.3
Alls	348.8	342.2	358.7	365.3

Skýrsla samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegaáætlunar 1965 var lögð fram á Alþingi í lok nóvembermánaðar s.l. Þar er tekið fram, að samkvæmt heimild í fjárlögum yfirstandandi árs hafi verið ákveðið að fresta til næsta árs framkvæmdum skv. vegaáætlun 1965, er nam 20% af framlagi ríkissjóðs eða 9,4 millj. kr. En í sömu skýrslu

er einnig tekið fram, að aflað hafi verið fastra lána til lagninga þjóðvega á árinu 1965, að upphæð 137.6 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir ríkisframlagi samkvæmt 89. gr. vegalaga, sem gert er ráð fyrir í vegaáætluninni að nemi árlega 47 millj. kr. Jafnframt hefur ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frumvarp um hækkun benzínskattsins til fjáröflunar í vegasjóð, svo að hann verði ekki verr settur og ráðstöfunarfé hans minnki ekki frá því sem var, þegar gert var ráð fyrir ríkisframlaginu.

Með fyrstu fjögurra ára áætluninni er stigið eitt stærsta spor í sögu vegamálanna. Það er ekki einungis að sjálf áætlunargerðin er mikil framför í vinnubrögðum, heldur og er varið til vegamálanna samkvæmt áætlun þessari stórum meira fé til þessara framkvæmda en tíðkaðist fyrir nokkrum árum. Þannig voru framlög til vegamála ákveðin 81.7 millj. kr. árið 1958. En samkvæmt vegaáætlun eru framlög fyrir árið 1965 hærri en árið 1958 sem nemur

- 1) 182.0 millj. kr. eða 222,8%, ef miðað er við framlög vegasjóðs eins, en
- 2) 267.1 millj. kr. eða 326.9%, ef miðað er við bæði framlög vegasjóðs og heimildir vegaáætlunar til annarra fjárútvegunar.

Til athugunar:

Kostnaðarvísitala vegagerðar hefur hækkað um 76% frá árinu 1958.

Þetta segir sína sögu.

Sérhagsmunir og ofsatrú

Það hefur löngum verið uppáhaldsiðja þeirra Framsóknarmanna að bregða Sjálfstæðismönnum um sérhagsmuni og auðhyggju. Hér breytir engu sú auðsæld, sem stefna Sjálfstæðisflokksins hefur fært öllum stéttum þjóðfélagsins. Glórulaust kyrjar Framsókn sinn söng.

Í umræðum um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í sameinuðu Alþingi 13. okt. s.l. lét **Eysteinn Jónsson**, formaður Framsóknarflokksins enn heyra í sér um þetta efni. Þegar hann hafði gefið hina venjulegu lýsingu Framsóknarmanna af ástandi þjóðmálanna, taldi hann sig hafa tíundað illvirki stjórnarstefnunnar svo rækilega, að honum þótti vissara í þetta sinn að taka fram, að ekki væri illvilja valdhafanna að kenna. Hann sagði:

„Heldur kemur hér að mínum dómi mest til, að of mikið til-lit er tekið til sérhagsmunanna. Þeir eru látnir ráða of miklu og svo kemur til fáránleg fastheldni við stefnu, sem mætti kalla stefnu stórkapítalismans. Fáránleg fastheldni við slíka stefnu, sem er framkvæmd eins og ofsatrúarmenn vilja framkvæma

játningarnar. En þessar kenningar eru í stjórnarherbúðunum meðhöndlaðar eins og einhvers konar heilagar kýr, sem ekki má stjaka við, hvað þá heldur leggja að velli. Og á meðan þannig er, hygg ég, að litil sé batavonin. Hagstjórnaraðferðirnar, sem beitt er, og aðferðir hæstvitrar ríkisstjórnar geta ekki, það er alveg sannað mál, þær geta ekki við þjóðfélagsaðstæður hér á landi náð því, sem verður að gera kröfur til í nútíma menningarþjóðfélagi.“

Í sömu umræðum svaraði **Bjarni Benediktsson**, forsætisráðherra og sagði:

„Háttvirtur þingmaður segir: Það hlýtur að fara illa, vegna þess að það er margbúið að prófa og ekki sízt í þjóðfélagi eins og okkar, að einhliða auðhyggjustefna eða kapitalismi á ekki við. Hver deilir um þetta? Er nokkrum lifandi manni, sem kemur til hugar, að auðhyggjustefna eða kapitalismi, eins og hann var boðaður á 19. öld, eigi við á Íslandi eða sé framkvæmdur hér nú eða yfirleitt nokkurs staðar á byggðu bóli? Við vitum, að þjóðirnar hafa allar verið og eru stöðugt að læra af reynslunni, að margt af því, sem var fordæmt af öðrum aðil-anum fyrir nokkrum árum, hefur hann nú sannfærzt um, eins og hann hefur einnig sannfært hinn um, að margt af því, sem hann hélt fram, var rétt. Auðvitað er sú frjálshyggjustefna, sem hér hefur ráðið frá því 1959, hvorki beinn kapitalismi né hreinn sósíalismi. Í verulegum atriðum er það sama stjórnarstefna eins og fylgt hefur verið og fylgt er á Norðurlöndum, í Stóra-Bretlandi, um vestanverða Evrópu. Þetta vita allir háttvirtir þingmenn. Í einstökum atriðum er hægt að sýna frávik í einstökum löndum. Alltaf breytist eitthvað eftir því sem stjórnarskipti verða og lögð er misjöfn áherzla á tiltekin atriði. En í stórum dráttum er þessi stjórnarstefna, sem við fylgjum, hin sama sem í hinum löndunum er nú fylgt. Ég vil segja nokkurn veginn, án tillits til þess, hvaða flokkar fara þar með völd. Hver hefur orðið meginbreytingin í Bretlandi við það, að Verkalýðsflokkurinn tók við af Íhaldsflokknum? Hver býst við meginbreytingu í Noregi, þó að samsteypustjórn borgaraflokkanna taki þar við af Verkamannaflokknum? Eins og ég segi, það hefur verið lögð misjöfn áherzla á ólik atriði, en í stórum dráttum eru stefnumiðin hin sömu. Mennt hafa yfirgefið trúna á lögþvingun, sem sósíal-demókratar áður fyrr fylgdu, eins og menn hafa yfirgefið trúna á skefjalausan kápítalisma. Og það kom líka einnig hér fram, að háttvirtur 5. þingmaður Austfirðinga taldi, að okkar tal um áætlunarbúskap samrýmdist alls ekki því frjálsræði, sem við að öðru leyti boðuðum. Það er rétt, að það samrýmdist ekki gamaldags kápítalisma.

En það samrýmist þeim stjórnarháttum, sem nú eru yfirleitt viðhafðir í lýðræðisríkjum, jafnvel í Bandaríkjunum, sem eru þó enn trúrri í fylgd sinni við kapitalismann, en engum mundi koma til hugar að segja, að hann væri þar allsráðandi lengur. Margs konar afskipti ríkisins sbr. ráðagerð Johnsons forseta um baráttu við fátæktina, um læknishjálp og um ótal margt annað er ávöxtur þessarar sömu stjórnmalastefnu, sem ég var hér að reyna að gera grein fyrir.“

Lítt mun þeim standa að bendla stjórnarstefnuna við sérhagsmuni og ofsatru.

Vestfjarðaáætlunin

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt og talað um jafnvægi í byggð landsins. Málið hefur verið á dagskrá vegna þeirra fólksflutninga, sem átt hafa sér stað utan af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar og nágrennis. Tilflutningar fólks innanlands þurfa ekki að vera óeðlilegir. Breytt tækni og atvinnuhættir geta gert slíkt óhjákvæmilegt. Slíkt hefur þjóðin undirgengist og verður að vera viðbúin að undirgangast. Hins vegar á slík þróun ekki og þarf ekki að þýða það, að meginhluti þjóðarinnar setjist að á litlum eða takmörkuðum hluta landsins.

Nú um áratuga skeið hefur þróunin um of stefnt í þessa átt. Gæði landsins og náttúruauðlindir er að finna víðsvegar um landið, og má hagnýta víðsvegar um landið með þeirri tækni og atvinnuháttum, sem við nú búum við. Fólksflutningar utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og nágrennis eru því tvímælalaust þjóðhagslega óhagstæðir, ef þeir fara fram úr ákveðnu marki.

Jafnvægi í byggð landsins hefur oft verið á dagskrá Alþingis og þar hefur að jafnaði verið tekið með skilningi á þessum málum. Lögjöf hefur verið sett, sem miðað hefur að því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og ýmsar aðgerðir gerðar í því skyni. En árangurinn hefur ekki orðið sem skyldi. Vinnubrögðin hafa um of mótast af handahófsaðgerðum, sem jafnvel hafa oft á tíðum miðast við að bjarga einum og einum í bráð út úr erfiðleikum líðandi stundar.

Frá síðustu aldamótum hefur orðið gagnger breyting á skiptingu þjóðarinnar milli landshluta, svo sem kunnugt er. Í því efni hefur eitt núverandi kjördæmi algjöra sérstöðu. Á Vestfjörðum fækkaði íbúum um 19,7% á hálfri öld eða á tímabilinu frá 1912 til 1962. Það var því ekki að ófyrirsynju, að Alþingi samþykkti árið 1963 tillögu til þingsályktunar frá tveim þingmönnum Vestfjarða, þeim **Gísla Jónssyni** og **Kjartani J. Jóhannssyni**, um framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflóttu úr Vestfjarðakjördæmi. Skyldi ríkisstjórnin fela Framkvæmda-

banka Íslands að semja framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Var þá þegar hafizt handa um þessa áætlunargerð.

Í marz s.l. var svo málum komið, að fullbúinn var hluti Vestfjarðaáætlunarinnar þ. e. framkvæmdaáætlun í samgöngumálum. Var þar um að ræða fjögurra ára áætlun um framkvæmd á tilteknum verkefnum í vega- og flug- og hafnarmálum Vestfjarða. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni skyldi varið til þessara sérstöku verkefna 171,5 millj. kr. á næstu fjórum árum. Gert var ráð fyrir, að fjármagnið til þessara framkvæmda kæmi að hálfu með framlögum innanlands til þessara mála eða 85,5 millj. kr., en 86 millj. kr. eða 2 millj. dollara kæmu frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Með lántökum hjá Viðreisnarsjóðnum var hægt að tryggja framkvæmd áætlunarinnar. Þannig hagnýtti ríkisstjórnin þá aðstöðu, sem Ísland hefur sem eitt af aðildarríkjum Viðreisnarsjóðsins. En sjóðurinn hefur það hlutverk að aðstoða aðildarríkin við úrlausn verkefna, sem miða að því að viðhalda jafnvægi í byggð hvers lands.

Á Alþingi 1. apríl s.l. skýrði þáverandi fjármálaráðherra, **Gunnar Thoroddsen**, frá samgönguáætlun Vestfjarða og fyrirhugaðri lántöku hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Hér fer á eftir skipting framkvæmdanna milli hinna einstöku þátta samgöngumálanna:

	1965	1966	1967	1968	Samtals
	millj.	millj.	millj.	millj.	millj.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Hafnir	16.9	15.2	18.9	16.7	67.7
Vegir	14.2	14.7	18.8	16.1	63.8
Flugvellir	7.5	9.5	8.8	14.2	40.0
Samtals	38.6	39.4	46.5	47.0	171.5

Við þessa áætlunargerð hefur verið fylgt því megin sjónarmiði, að tekin eru fyrir þau verkefni, sem í senn eru stærst og mest aðkallandi og fyrirsjáanlegt var að dregizt hefði lengi að framkvæma, ef ekki hefði verið gripið til þessara sérstöku ráðstafana. Um aðrar framkvæmdir í samgöngumálum Vestfjarða fer að sjálfsögðu með venjulegum hætti eftir því sem til þeirra er veitt fjármagn skv. fjárlögum og vegaáætlun.

Ólokið er enn öðrum þáttum Vestfjarðaáætlunarinnar. Unnið er nú að áætlunargerð, sem fjallar um önnur veigamikil atriði til uppbyggingar á Vestfjörðum svo sem á sviði atvinnulífs, menningar- og félagsmála. Vestfjarðaáætlunin þýðir skipulegar, markvissar aðgerðir til að styrkja sjálfan grundvöllinn að þeim lífnaðarháttum, sem fólkið unir við. Vestfjarðaáætlunin er þess vegna ekki einungis

- 1) stærsta heildarátakið til að tryggja framtíð byggðarinnar á Vestfjörðum, heldur og
- 2) fordæmi fyrir nýjum og betri vinnubrögðum til úrlausnar hliðstæðum vandamálum í öðrum byggðarlögum landsins.

Til minnis:

- 1) Framsóknarmenn, hinir sjálfskipuðu formælendur strjálbýlisins, hafa enn ekki sýnt nein úrræði til viðhalds jafnvægi í byggð landsins annað en kákaðgerðir, þegar þeir eru í stjórn, og sýndartillögur, þegar þeir eru utan við ríkisstjórn.
- 2) Núverandi ríkisstjórn hefur boðað, að framkvæmdaáætlanir verði gerðar fyrir einstaka landshluta svipað og fyrir Vestfirði og stofnaður verði Framkvæmdasjóður strjálbýlisins.

Vöxtur verðbólgunnar

Þótt stjórnarandstöðunni sé tíðrætt um vöxt verðbólgunnar hefur hún ekki bent á leiðir til úrbóta. Hins vegar hefur hún verið ötul við þá iðju sína að gera tortryggilegar allar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem miðað hafa að því að ráðast gegn þessu vandamáli. Hefur þetta ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar áreiðanlega átt sinn þátt í, að ekki hefur tekizt að hefta verðbólgunna sem skyldi. Stjórnarandstaðan þykist nú geta haldið því fram, að verðbólgan hafi aldrei verið meiri en í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hamrað hefur verið á þessum áróðri undanfarin misseri. Venjulega er þessum fullyrðingum slegið fram án nokkurs rökstuðnings. Það bar því nýrra við, þegar Tíminn fór að hafa tilburði til að færa þessum fullyrðingum stoð. Í ritstjórnarpistli Tímans „Menn og málefni“ 24. okt. s.l. segir um þetta efni:

„Ný vísitala tók gildi 1. marz 1950 og gilti til 1. marz 1959, eða í rétt 9 ár. Þessi vísitala er nokkur mælikvarði á það, hvernig valdhöfunum tókst í glímunni við dýrtíðina á þessum árum. Vísitalan hækkaði um 102 stig á þessum 9 árum eða um rúm 11 stig á ári til jafnaðar. Það fannst mönnum þá of hraður vöxtur, enda var hann mun meiri en í nálægum löndum. „Viðreisnarstjórnin“ taldi það því meginverkefni sitt að draga úr þessum hraða vexti eða að „ráða niðurlögum verðbólgunnar“, eins og Ólafur Thors orðaði það hér að framan. Eins og kemur fram hér á undan, kom ný vísitala til sögunnar 1. marz 1959. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var breytingin m. a. í því fólgin að hvert eitt stig nýju vísitölunnar svarar til tveggja stiga í gömlu vísitölunni eða t. d. þegar nýja vísitalan hækkar

um 10 stig, myndi gamla vísitalan hafa hækkað um tuttugu. Þegar „viðreisnarstjórnin“ svonefnda kom til valda í nóvember 1959, var þessi nýja vísitala rétt 100 stig. Þegar Ólafur Thors lét af störfum sem forsætisráðherra í nóvember 1963 var hún orðin 146 stig. Hún hafði hækkað um 46 stig eða um 92 stig skv. gömlu vísitölunni, en til þess að geta gert samanburð við árin á undan verður að styðjast við gömlu vísitöluna. Þannig hefur dýrtíðaraukningin numið 23 stigum til jafnaðar á ári á viðreisnartímabilinu nóv. 1959 til nóv. 1963. Dýrtíðin hefur m. ö. o. aukizt helmingi hraðar á þessum árum en á tímabilinu 1950—1959 eða um 23 stig til jafnaðar á ári í stað 11 stiga áður. Þannig tókst „viðreisnarstjórninni“ viðureignin við dýrtíðina á árunum 1959—1963. Í nóvember 1963 urðu forsætisráðherraskipti. Ólafur Thors lét af völdum, en Bjarni Benediktsson hefur verið forsætisráðherra síðan. Bjarni hefur hælt sér sérstaklega af því, að honum hafi gengið vel í samningum við verkalýðshreyfinguna og foringjar hennar sýnt höfsemi í samningum við hann. Það verður því ekki hægt að skrifa það á reikning þeirra, ef eitthvað hefur mistekizt í þessum efnum, eins og gert hefur verið stundum áður. Hvernig hefur þá Bjarna tekizt í viðureigninni við dýrtíðina? Eins og áður segir var vísitala framfærslukostnaðar 146 stig í nóvember 1963. Þann 1. okt. s.l. var hún orðin 177 stig. Hún hefur þannig hækkað um 31 stig á þessum tæplega tveimur árum eða um 62 stig skv. gömlu vísitölunni. Dýrtíðin hefur m. ö. o. aukizt um 31 stig til jafnaðar á ári í forsætisráðherratið Bjarna Benediktssonar eða þrisvar sinnum hraðar en á árunum 1950—1959.“

Framsóknarmenn þykjast geta sannað með þessum ummælum og útreikningum, að verðbólgan hafi aukizt tvöfalt til þrefalt örara í tíð núverandi ríkisstjórnar en þegar þeir sjálfir voru í ríkisstjórn. Þessi tíðindi hafa þeir síðan útbásúnað sem hvalreki væri á þeirra fjöru. Í Tímanum hafa birzt forustugreinar dag eftir dag, þar sem lagt er út af þessum upplýsingum. Á Alþingi hafa þingmenn Framsóknarflokksins keppzt um að flytja þennan fagnaðarboðskap sinn, svo sem frægt varð af umræðum um landbúnaðarmálin á s.l. hausti. Í blöðum og á Alþingi hafa þessir dýrtíðarútreikningar Framsóknar verið marghraktir lið fyrir lið. En þótt ekki standi steinn yfir steini af fullyrðingavaðlinum sitja Framsóknarmenn enn fastir við sinn keip.

Í þessum áróðri sínum hafa Framsóknarmenn gerizt berir að blekkingum. Blekking Tímans er fólgin í því að láta sem raungildi hvers vísitölustígs hafi verið óbreytt frá því árið 1950. Þetta jafngildir t. d. því að láta sem 31 krónu kauphækkun í dag væri um þrisvar sinnum meiri kauphækkun en 11 krónur árið 1950. Ef grunnkaup og verðlag væri óbreytt væri 31 krónu grunnkaupshækkun í dag nærri þrefalt

meiri kauphækkun en 11 krónu kauphækkun árið 1950. En ef grunnkaup og verðlag hefði þrefaldast, þá væri raungildi 31 krónu kauphækkunar minna en 11 króna kauphækkunin áður.

Þegar borin er saman aukning verðbólgunnar á mismunandi tímabilum, svo sem Tíminn gerir, ber að miða þá útreikninga við vísitöluna í upphafi hvers tímabils, sem um er að ræða og bera saman hlutfallslega hækkun. Til þess að sýna hið sanna í þessu máli fer hér á eftir skrá yfir vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1950 — 1. þ. m.

Vísitala framfærslukostnaðar
(1. marz 1950 = 100)

Ár	1. janúar	Hækkun yfir árið
1950	90	42,2%
1951	128	19,5%
1952	153	2,6%
1953	157	0,6%
1954	158	1,9%
1955	161	8,7%
1956	175	6,3%
1957	186	2,7%
1958	191	11,0%
1959	212	÷ 4,3%
1960	203	3,4%
1961	210	11,4%
1962	234	10,3%
1963	258	17,1%
1964	302	11,9%
1965	338	7,7%
1965 1. des.	364	

Þegar gera skal grein fyrir ábyrgð stjórnarvalda á þeirri þróun, sem framangreind tafla sýnir, er eðlilegt að gera skil við desember árið 1958, en þá fór Framsóknarflokkurinn frá völdum. Þá var vísitalan komin upp í 220 stig á framangreindum grundvelli. Ennfremur er rétt að athuga sérstaklega áhrifin af júnísamkomulaginu 1964. Þá var vísitalan 330 stig á sambærilegum grundvelli.

Af framangreindum staðreyndum má marka, að

- 1) á tímabilinu frá 1. janúar 1950 til 1. desember 1958 hefur hækkun vísitölnunnar numið alls 144,4%, sem svarar til meðalhækkunar um 10,5% frá ári til árs yfir allt tímabilið,

- 2) frá 1. desember 1958 til 1. desember 1965 hefur hækkun vísitölnunnar numið alls 65,5%, sem svarar til meðalhækkunar frá ári til árs 7,5%, og

- 3) frá 1. maí 1964 til 1. desember 1965 hefur hækkun vísitölnunnar numið alls 10,0% eða sem svarar 6,6% meðaltalshækkun á ári.

Hér sézt, að Framsóknarflokkurinn hefur ekki af neinu að státa í viðureigninni við verðbólguna. Meðan hann stóð að ríkisstjórn landsins jókst verðbólgan meir en í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það skal ekki gert Framsóknarflokknum að sök. Hitt er höfuðsök að beita slíkum málflutningi, sem Framsóknarmenn eru berir að í þessu máli. Það er dapurleg staðreynd.

Aftur á móti er það ánægjulegt, að dregið hefur úr vexti verðbólgunnar í tíð núverandi ríkisstjórnar frá því sem áður var. En athyglisverðast er það, að betri tók hafa náðst á verðbólgunni upp á síðkastið heldur en fyrr á tímabili núverandi ríkisstjórnar. Hér koma fram áhrifin af júnísamkomulaginu 1965.

„Hin leiðin“

Ræða sú, sem **Eysteinn Jónsson**, formaður Framsóknarflokksins flutti á Alþingi 13. okt. s.l. við umræður um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hefur orðið mönnum nokkurt umtalfeni. Eftir að hafa úthúðað ríkisstjórninni og stefnu hennar með venjulegu orðbragði þeirra Framsóknarmanna og komið að þeirri fyrirfram gefnu niðurstöðu, að ríkisstjórnin réði ekki við vandamálin, mælti hann á þessa leið:

„Hvernig á þá að taka á þessu? Auðvitað verður að finna aðra leið í meginstefnum. Í stað þessara úreltu aðferða, sem notaðar hafa verið, verður að koma það, sem við gætum kallað hina leiðina. Það verður að koma önnur leið. Til þess að reyna að átta sig ofurlítið betur á þessu er kannske nauðsynlegt að spyrja örfárra spurninga, ef það gæti orðið til þess að blása þokunni eitthvað frá, ef mönnum finnst þess þurfa.“

Eftir framangreind ummæli spurði Eysteinn eftirfarandi spurninga:

- 1) „Hvernig telja menn skynsamlegt, að þjóðin beiti starfsorku sinni?“
- 2) „Hvernig telja menn skynsamlegt, að vinnuafli þjóðarinnar sé beitt og því vélaafli, sem þjóðin ræður yfir?“

- 3) „Á að beita þessu aflí að lífsnauðsynlegri framleiðslu í landinu eða ekki?“
- 4) „Á að efla menntun og gera það, sem þarf til þess að byggja skóla og annað í sömu átt?“
- 5) „Á að efla rannsóknir, byggja rannsóknarstöðvar og búa þannig í haginn, að fleiri vísindamenn geti komið að og unnið nauðsynlega vinnu?“
- 6) „Á að efla vélaorku og verja til þess því sem þarf?“
- 7) „Á að bæta samgöngur á sjó og landi og lofti og láta í té þá þjónustu yfirleitt, sem menningarriki verður að gera, ef lífskjör eiga að batna og kröftugur atvinnurekstur á að þrífast í landinu?“
- 8) „Eiga þær þúsundir fyrirtækja í landinu, sem þjóðfélagið byggist að verulegu leyti á, að hafa rekstrarfé, svo að þau geti notið sín eða ekki?“

Og Eysteinn segir, að menn í pólitíkinni þurfi að svara þessum spurningum. Margir hefðu ætlað, að óþarft væri að spyrja. En hafa verður í huga, að Eysteinn er samkvæmt eigin ummælum staddur í þoku. Hann telur þetta því nauðsynlegt, til þess að geta horft í augu við verkefnin sjálf og komið sér niður á markmið eða áætlun um þjóðarbúskapinn. En hver verður svo niðurstaða Eysteins? Hún kemur fram í sömu ræðu í eftirfarandi ummælum:

„Þegar menn hafa gert sér grein fyrir markmiðunum og þar með áætluninni í megindrättum, þ. e., hvað menn telja að þurfi að gera og hvað hægt er að gera og hvað eigi að sitja fyrir, er að ákveða aðferðirnar, sem nota skal til að ná markinu. Þar koma ýmsar aðferðir til greina, sem oft er erfitt að ákveða nákvæmlega í einstökum atriðum, nema að hafa fyrir sér upplýsingar um, hvernig lífsnauðsynlegar framkvæmdir og rekstur kemur heim við vinnuafli og aðra orku, sem þjóðin hefur yfir að ráða.“

Hér hefur Eysteinn dregið upp haglega gerða felumynd af „hinni leiðinni“.

Dægradvöl:

Hvar er „hin leiðin“?

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Álverksmiðja

Síðan 1961 hafa farið fram athuganir á vegum ríkisstjórnarinnar á því, hvort unnt væri og hagstætt að koma upp hér á landi álvinnslu eða öðrum orkufrekum iðnaði, er byggðist á hinni miklu ónotuðu vatnsorku landsins. Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra ræddi málið á Alþingi 5. febrúar 1964 (Fréttabréf nr. 7, bls. 12—15).

Athuganir í þessum efnunum hafa annars vegar verið í höndum stóriðjunefndar og hins vegar í höndum Raforkumálastjórnar. Hinn 14. nóvember 1964 skilaði stóriðjunefnd ýtarlegri skýrslu til ríkisstjórnarinnar um álverksmiðju og stórvirkjun. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum var afhent öllum alþingismönnum sem trúnaðarmál skömmu síðar og einnig var þingmönnum afhent framhaldsskýrsla stóriðjunefndar um málið dags. 6. febrúar 1965. Það voru megin niðurstöður skýrslu stóriðjunefndar að aðstaða gæti verið fyrir hendi til að ná viðunandi samningum við svissneskt fyrirtæki (Swiss Aluminium) um byggingu álverksmiðju hér á landi, er gæti skapað fjárhagslegan grundvöll stórvirkjunar við Búrfell. Einnig virtist unnt að afla nægilegs lánsfjár erlendis til slíkrar virkjunar, en ástæða væri til að ætla að verulegur hluti lánsfjárins fengist hjá Alþjóðabankanum.

Í maí s.l. lagði ríkisstjórnin fyrir Alþingi skýrslu um athugun á byggingu álverksmiðju á Íslandi og var skýrsla þessi rædd í sameinuðu þingi 7. maí s.l. Um sama leyti eða 11. maí s.l. samþykkti Alþingi lög um Landsvirkjun. (Fréttabréf nr. 9, bls. 4—6). Þingmannanefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka nema Alþýðubandalagsins hefur fylgt með gangi álmálsins frá 9. febrúar 1965 og frá 5. maí s.l. með þátttöku allra flokka.

Á Alþingi 15. desember s.l. flutti **Jóhann Hafstein**, iðnaðarmálaráðherra skýrslu um álmálið og lýsti yfir, að samningaumræðum væri svo langt komið, að hann teldi líklegt að málið kæmi til endanlegrar meðferðar Alþingis í marzmánuði n.k. Í umræðum um skýrslu

iðnaðarmálaráðherra lýsti Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins, andstöðu flokks síns gegn því að reisa álverksmiðju, en Alþýðubandalagið hefur frá upphafi lýst sig andvígt þessum fyrirætlunum.

Nú um þessar mundir leggur stjórnarandstaðan sig fram um að véla um fyrir almenningi í álmálinu. Kennir þar margra grasa í rangtúlkun og hreinum blekkingum. Er nú þessi iðja einkum fólgin í þeim fullyrðingum að álverksmiðjan

- 1) leggi byrðar á almenning með hækkuðu rafmagnsverði,
- 2) dragi til sín svo mikið vinnuafli, að stefnt sé í voða öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar,
- 3) sé ekki þjóðhagslega hagkvæm framkvæmd.

Skal nú hér vikið að þessum fullyrðingum.

Til að glöggva sig á þýðingu álverksmiðjunnar fyrir rafmagnsverðið er hér birt tafla, sem gerð er af Eiríki Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunarinnar og byggð er á grundvelli þeirra lokaupplýsinga, sem nú liggja fyrir. Tafla þessi sýnir þau rekstrarútgjöld Landsvirkjunar, sem almenningur þarf að standa undir umfram rekstrarútgjöld núverandi kerfis, ef annars vegar er ráðist í 60 þúsund tonna álverksmiðju, en hins vegar ekki. Reiknað er með 7–8% fjármagnskostnaði, (sem samsvarar vöxtum og afborgunum af 25 ára annuitetsláni með 6% vöxtum) venjulegum gæzlu- og viðhaldskostnaði (rúmt 1% af stofnkostnaði) og áætludum oliukostnaði. Gert er ráð fyrir orkuveitusvæðinu frá Vik í Mýrdal til Snæfellsness. Búrfellsvirkjun, 210 MW (megawött), nægir þá til 1985 án álverksmiðju. Með verksmiðju nægir sú virkjun hins vegar ekki nema til 1976. Hér er reiknað með, að þá taki við Háafossvirkjun (eða sambærileg framkvæmd) og að hún verði gerð í stigum upp í 126 MW. eða jöfn orkuþörf verksmiðjunnar. Hægt er að reikna með Háafossvirkjun, sem er fyrst og fremst aflvirkjun, en gefur ekki verulegu orku, vegna þess að Búrfell á orku aflögu 1976, þótt aflið sé þá fullnýtt.

Taflan (bls. 3) sýnir, að mjög mikill mismunur er á framleiðslukostnaði raforku til almennra nota eftir því, hvort horfið er að álbræðslu eða ekki. Er kostnaðurinn mun lægri, ef raforka er seld til álbræðslu, og er samansafnaður mismunur á framleiðslukostnaði með 6% vöxtum orðinn 862 millj. kr. í árslok 1985. Ef hins vegar er litið á það, hver áhrifin eru á framleiðslukostnað hvernar raforkueiningar, kemur í ljós, að á árunum 1969–1975 mundi viðbótarorkan kosta 62% meira, ef álverksmiðja væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976–1980 og 12% á árunum 1981–1985. Yfir allt tímabilið 1969–1985 mundi raforkukostnaður verða 28% hærri, ef Búrfell væri eingöngu byggt fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álverksmiðju. Í öllum þessum útreikningum er reiknað með því að raforkuverð til álverksmiðjunnar verði 12,9 aurar á KW stund fyrstu árin, en 10,75 aurar eftir að verksmiðjan hefur náð fullum afköst-

Landsvirkjun. Orkuveitusvæði í Vik í Mýrdal til Snæfellsness. Áætlað kostnaðarverð raforku til almennra nota frá Búrfellsvirkjun með og án 60 tonna álbræðslu.

ÁR	Með álbræðslu		Án álbræðslu		Mismunur			
	Afhörf umfram afkastagetu núverandi vatsaflstöðva	Rekstrargjöld að frádregnum tekjum af álbræðslu	Einingarverð á viðbótarafi	Rekstrargjöld	Einingarverð á viðbótarafi	Einingarverð á viðbótarafi	Rekstrargjöld	Samansafnað í árslok með 6% vöxtum
	MW.	M. kr.	kr/árskw.	M. kr.	kr/árskw.	kr/árskw.	M. kr.	M kr.
1	2	3	4	5	6	6÷4	5÷3	7
69	15,0	38,8	2587	56,7	3780	1193	17,9	17,9
70	27,5	77,3	2811	111,4	4050	1240	34,1	53,1
71	35,5	75,2	2118	111,4	3138	1020	36,2	92,5
72	43,5	66,8	1536	111,4	2560	1024	44,6	142,6
73	52,5	66,7	1270	111,4	2121	851	44,7	195,8
74	62,0	61,4	990	111,4	1797	807	50,0	257,5
75	71,5	63,8	892	113,9	1593	701	50,1	323,0
76	82,0	72,6	885	122,9	1499	614	50,3	392,7
77	92,5	119,1	1287	123,4	1334	47	4,3	420,5
78	106,0	119,1	1124	125,9	1188	64	6,8	452,5
79	117,0	119,1	1018	149,1	1274	256	30,0	509,6
80	130,0	119,1	916	150,1	1154	238	31,0	571,2
81	143,0	119,1	833	151,6	1060	227	32,5	638,0
82	158,0	156,4	990	164,5	1041	51	8,1	684,4
83	174,0	156,4	899	167,5	963	64	11,1	736,6
84	190,0	156,4	823	172,0	905	82	15,6	795,7
85	208,0	156,4	752	175,0	841	89	18,6	862,0

um. Miðað við 10% árlegan reksturskostnað, sem er nokkuð riflega áætlað, er kostnaðarverð á kílóvattstund frá Búrfellsvirkjun fullbyggðri ásamt varastöðvum um 10,4 aurar. Söluverð raforku til álverksmiðjunnar er í raun og veru mjög hagstætt fyrir Landsvirkjun og neytendur hennar, enda þótt það sé ekki nema lítið fyrir ofan meðalrekstrarkostnað. Áætlaðar tekjur af fullbyggðri álverksmiðju eru um 110 millj. kr., sem samsvarar vöxtum og afborgunum af 1400 millj. kr. annuitetsláni til 25 ára með 6% vöxtum. Þau erlendu lán, sem áætlað er að taka til Búrfellsvirkjunar allrar og gastúrbínustöðva, ef ráðist er í álbræðslu, eru að vöxtum að byggingartíma meðtöldum um 1200 millj. kr. Raforkusölusamningurinn við álverksmiðjuna verður gerður í bandarískum dollurum, en það er sama mynteining og flest þeirra erlendu lána, sem til virkjunarinnar verða

tekin. Það má því segja, að árangur þess, að byggð verði álverksmiðja verði meðal annars sá, að þjóðin hafi gengistryggingu fyrir öllum lánunum, sem tekin verða vegna virkjunarinnar.

Þá er sú fullyrðing stjórnarandstöðunnar, að ekki sé vinnuafli til að byggja og reka álbræðslu og myndi hún að því leyti verða fjötur um fót öðrum atvinnugreinum, einkum sjávarútvegi. Svo er fyrir að þakka, að full atvinna er nú í landinu. Það er því augljóst, að meðan byggingaframkvæmdir eru í hámarki getur vinnuafllsskorturinn verið erfitt viðfangsefni. Meðan á framkvæmdum stendur þarf því með skipulögðum ráðstöfunum að draga úr öðrum framkvæmdum á vegum þess opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Erlent vinnuafli gæti hér einnig komið að notum. En frambúðaráhrif álbræðslunnar í þessu sambandi varða rekstur hennar. Gert er ráð fyrir 60 þús. tonna álverksmiðju, sem byggð verði í áföngum. Áætlað er, að rekstur verksmiðjunnar krefjist í mesta lagi 300 manna vinnuafli á fyrsta stigi, þ. e. árið 1969, og í mesta lagi 200 manns til viðbótar, þegar fullum rekstri verður náð nokkrum árum síðar.

Efnahagsstofnunin hefur gert athugun um vinnuafli í sambandi við rekstur álbræðslunnar, er hér skal rakið í aðalatriðum. Hér fer á eftir tafla um fjölda og skiptingu vinnuafli 1950 og 1960 og aukninguna á þessu tímabili. Atvinnufólk 15 ára og eldra, talið virkt meirihluta ársins.

	1950	1960	Aukning	
	%	%	%	%
Landbúnaður . . .	14.400*) 23.9	12.225 16.9	— 2.175	— 18.1
Fiskveiðar . . .	6.135 10.2	5.400 7.4	— 735	— 6.1
Fiskiðnaður . .	3.757 6.2	7.000 9.7	3.243	27.0
Sjávarútv. alls (9.892) (16.4)	(12.400) (17.1)	(2.508)	(20.9)	
Annar iðnaður .	9.667 16.0	11.775 16.3	2.108	17.6
Byggingar og mannvirkjagerð	5.873 9.7	8.300 11.5	2.427	20.2
Verzlun	5.775 9.6	9.025 12.5	3.250	27.0
Samgöngur . . .	4.990 8.3	5.875 8.1	885	7.4
Aðrar atv.greinar	9.753 16.1	12.750 17.6	2.997	25.0
Alls	60.350 100.0	72.350 100.0	12.000	100.0

Af töflu þessari kemur í ljós, að fólki fækkaði beinlínis á þessu tímabili við landbúnað um 2175 og við fiskveiðar um 735, en fjölgaði um 3243 í fiskiðnaði. Fjölgun í fiskveiðum og fiskiðnaði samtals var því

* Tala manntalsins lækkuð um 1.800 vegna oftalinnar atvinnuþátttöku eiginkvenna bænda.

2508 eða 21% heildarfjölgunar. Samtals í landbúnaði, fiskveiðum og fiskiðnaði fjölgaði fólki aðeins um 333 eða 2,8% af heildarfjölguninni. Iðnaður, annar en fiskiðnaður, tók í sinn hlut 2108 manns eða 17,6%. Langmestur hluti aukningarinnar gekk því til mannvirkjagerðar og þjónustugreina ýmis konar eða 9560 manns, er nemur 79,6% af heildaraukningunni.

Fjölgun vinnuafli frá 1960—1965 er áætluð 6150 manns. Fyrir tímabilið 1965—1970, 8050 manns og þar næstu 5 ár, 1970—1975, 9000 manns. Vinnuafli til rekstrar álbræðslu, 500 manns, verður þannig 6,2% af aukningu næstu 5 ára en 2,9% af aukningu næsta áratugs. Kemur hér tafla yfir fjölda og skiptingu vinnuafli 1960—1975 skv. áætlunum Efnahagsstofnunarinnar.

Mannaflí (meðaltal ársins)

	Hlutfallsleg skipting				
	1960	1975	Aukning	1975	Aukningar
Landbúnaður . .	11.600	11.600	0	12.7	0
Fiskveiðar . . .	5.250	5.250	0	5.7	0
Fiskvinnsla . . .	6.250				
Annar iðnaður .	10.750				
Iðnaður, alls . .	17.000	24.650	7.650	26.9	33.0
Framkvæmda- og þjónustugreinar	34.600	50.150	15.550	54.7	67.0
Mannaflí, alls .	68.450*)	91.650	23.200	100.00	100.0

Samkvæmt framangreindri töflu er gert ráð fyrir, að mannaflí landbúnaðar og fiskveiða aukizt ekkert á tímabilinu, bæði vegna mikilla framleiðniaukningar í þessum atvinnugreinum og svo vegna takmarkaðs markaðar fyrir landbúnaðarvörur og takmarkana auðlinda sjávarins. Af töflunni verður dregin sú ályktun að 500 manna vinnuafli álverksmiðju árið 1975 ætti að nema 2% af vinnuafli iðnaðarins en 6,5 af aukningunni í iðnaði frá 1960 til 1975.

*) Þessi tala er ekki sambærileg við töluna 72.350 fyrir árið 1960 (á töflu bls. 4). Mismunurinn stafar af því, að áætlanir fram í tímann (og talan 68.450) byggjast á meðalfjölda starfandi fólks í aldursflokknum 15 til 69 ára yfir allt árið, en talan 72.350 er fjöldi þess fólks yfir 15 ára, sem starfandi er meiri hluta ársins.

Eftirfarandi tafla gefur skýra mynd af áhrifum álbræðslunnar á vinnumarkaðinn fram til næstu aldamóta:

	Á starfsaldri alls (1)	Mannfjöldi alls (2)	Atvinnufólk alls (3)	Hlutfall 500 manna af (3)
1960	177.292	106.758	68.450	0.7
1965	193.560	116.725	74.600	0.7
1970	211.800	130.050	82.650	0.6
1975	232.600	144.250	91.650	0.5
1980	256.500	156.650	99.650	0.5
1985	282.800	170.900	108.650	0.5
1990	311.200	188.000	119.500	0.4
1995	342.100	207.900	132.150	0.4
2000	376.400	230.000	146.300	0.3

Tafla þessi sýnir, hve vinnuafli verksmiðjunnar verður hverfandi lítill hluti vinnuaflsins í landinu. Árið 1975 er mannaflinn áætlaður 91650 og nemur þá vinnuafli álverksmiðjunnar aðeins 0,5% af þeim fjölda.

Bein þjóðhagsleg áhrif af álverksmiðjunni eru hagstæð bæði hvað snertir byggingu verksmiðjunnar og rekstur hennar. Tekjur Íslendinga af byggingu verksmiðjunnar eru áætlaðar álíka miklar og stofnkostnaður þess hluta Búrfellsvirkjunar, sem notaður verður í þágu álverksmiðjunnar. Útflutningsverðmæti álverksmiðjunnar að frá-dregnum öllum kostnaði vegna innfluttra hráefna og rekstrarvara, fullrar afskriftar, vaxta og hagnaðar af verksmiðjurekstrinum er áætlað að nemi í hreinum gjaldeyrstekjum árlega 300—350 millj. króna eða um 650 þús. kr. á ári á hvern vinnandi mann hjá verksmiðjunni. Til samanburðar má geta þess, að í sjávarútvegi og fiskiðnaði eru heildarútflutningstekjur á mann taldar vera um 300 þús. kr. á ári, en hreinar gjaldeyrstekjur reiknaðar á sama hátt og gert er hér með álverksmiðjuna ekki hærrí en um 200 þús. kr. á mann.

Rétt er svo að benda á þá miklu þýðingu, sem það getur haft fyrir iðnþróun hér á landi næstu áratugi, að hér væri fyrir hendi svo mikilvægt hráefni til iðnaðar sem ál er. Er full ástæða til að ætla, að það geti smám saman orðið undirstaða verulegs iðnaðar, enda hentar ál mjög vel til margvíslegra nota hér á landi, svo sem í byggingariðnaðinum, skipabyggingum og í margs konar umbúðir. Hefur hið svissneska fyrirtæki lýst sig reiðubúið til þess að aðstoða íslenzka aðila við að koma upp slíkum iðnaði, m. a. með því að láta í té tækniástoð svo og aðra þjónustu, sem Íslendingar teldu æskilega.

Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra hefur nýlega ritað grein í afmælisrit Landsmálafélagsins Varðar 1966 um þetta efni. Þar segir hann m. a.:

„Ég bið menn nú að gera sér fordómalaust grein fyrir þessum efnisatriðum og tölulegu upplýsingum. Við höfum sjálfir í hendi okkar að full afköst 60 þús. tonna álbræðslu komi ekki til fyrr en 1975. Þá mundi vinnuafli þörf hennar vera um 0,5% og um aldamótin, þegar líður að lokum samningstíma, eins og ráðgert hefur verið við svissneska félagið um 0,3% alls atvinnufólks í landinu. Ekki er að mínum dómi svaraverðir sleggjudómar um það, að fyrir álbræðslu vilji einhverjir „fórna þjóðfrelsinu“ eða farga „hagsmunum útgerðarinnar á Íslandi“. Ég vil ekki segja, að ráðagerðir um álbræðslu séu sambærilegar við símamálið á sínum tíma, en ekki vantaði úrtölnar og mótmælin þá. Í skýrslu, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi um álmálið í maí s.l., var m. a. gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum byggingar og reksturs álbræðslu hérlendis. Sjnt var fram á að fyrstu tekjur Íslendinga af byggingu álbræðslu myndi nema um 600 millj. kr., en það væri svipuð upphæð stofnkostnaðar þess hluta Búrfellsvirkjunar, sem notaður myndi verða í þágu álbræðslu. Hreinar árlegar gjaldeyrstekjur af rekstri 60 þús. tonna bræðslu, eru áætlaðar 300—350 millj. króna. Alls myndu þessar tekjur nema um 650 þús. kr. á ári á hvern vinnandi mann hjá verksmiðjunni. Þegar á slíkt er bent erum við ásakaðir fyrir að sjá ekkert nema álbræðslu og kosti hennar fyrir almennig í þessu landi, en gera okkur enga grein fyrir þýðingu annarra atvinnugreina. Þessi málflytningur er svo fráleitur, að engu tali tekur.“

Fjárlög 1966

Hinn 14. desember s.l. samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 1966. Niðurstöðutölur fjárlaganna eru 3794,4 millj. króna. Hér er um að ræða háar tölur og vissulega er það stór hluti af þjóðartekjunum, sem ríkið tekur til sameiginlegra þarfa. Menn fagna því alla jafna, þegar hækkuð eru framlög ríkissjóðs til þjóðnytjamála, en sá böggull fylgir skammrífi, að sjá verður ríkissjóði fyrir tekjum til að mæta gjöldum. Í umræðum á Alþingi um fjárlög fyrir 1966 gætti mjög þeirrar óábyrgu afstöðu hjá stjórnarandstöðunni, sem oft áður, að vilja leggja aukin útgjöld á ríkissjóð án þess að vilja sjá honum fyrir samsvarandi tekjum. Stjórnarandstöðingur hafa fullyrt, að opinberar álögur séu hér meiri en tíðkast meðal okkar nágrannaþjóða. Slíkar fullyrðingar eru algjörlega út í hött, þar sem upplýst er, að opinberar álögur hér á landi eru lægri (Fréttabréf nr. 8, bls. 13—14). Annað mál er það, að takmörk eru fyrir því, hversu langt ríkið má ganga í tekjuöflun, til þess að raska ekki eðlilegu jafnvægi í þjóðfélaginu, og innan þess ramma verður að halda útgjöldum rík-

isins. Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, skýrði frá því á Alþingi í framsöguræðu fyrir fjárlagafrumvarpinu 18. okt. s.l., að hann hefði falið Efnahagsstofnuninni að kanna þessi mál. Um þetta efni sagði ráðherrann m. a.:

„Sú grundvallarstefna, sem heilbrigður ríkisbúskapur hlýtur að byggjast á, er að halda uppi því ríkiskerfi þjónustu við þjóðfélagsborgaranna og stuðningi við alhliða þjóðfélagsframfarir, sem nútíma menningarþjóðfélag hvílir á, en þó innan þeirra marka, að fjáröflun til hinna sameiginlegra þarfa lami ekki heilbriggt framtak þjóðfélagsborgaranna og getu þeirra og vilja til að bjarga sér sjálfir. Vandinn er því sá að finna eðlilega hlutdeild ríkisins í þjóðartekjum og halda sér síðan innan þess ramma. Það er vafalaust mjög vandasamt, að komast að nákvæmlega rétttri niðurstöðu um þetta atriði, en það er þó mjög nauðsynlegt að reyna að finna slíka viðmiðun til þess að forðast það, að ríkið valdi sjálft jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum. Það hefur komið í ljós, að þrátt fyrir kvartanir um háa skatta, þá tekur íslenska ríkið í sinn hlut minna af þjóðartekjum en mörg önnur lönd. Við verðbólguþróun síðustu áratuga hefur það raunar aldrei verið skoðað niður í kjölinn, hversu langt væri hæfilegt að ganga í þessum efnum, heldur hefur hverju sinni verið reynt að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar hafa verið til þess að standa undir sívaxandi útgjöldum og nýrri og nýrri löggjöf, sem lagt hefur auknar kvaðir á ríkissjóðinn og sveitarfélögin. Það er líka fyrst á síðustu árum, að skýrslugerð hér á landi má teljast komin í það horf, að hægt sé með viðhlýtandi undirstöðu að gera áætlanir fram í tímann. Framkvæmdáætlanir ríkisstjórnarinnar nú allra síðustu árin eru spor í þá átt að skipuleggja opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra.“

(Morgunblaðið, 20. okt. 1965.)

Hér fer á eftir tafla, er sýnir hvernig tekjur og gjöld ríkissjóðs skiptast samkvæmt fjárlögum 1966:

TEKJUR:	millj. kr.	%
Tekju- og eignaskattur	406.0	10.7
Aðflutningsgjöld	1543.1	40.7
Söluskattur	937.9	24.7
Hagnaður af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	471.1	12.4
Aðrar tekjur	436.3	11.5
Tekjur alls:	3794.4	100.0

GJÖLD:	millj. kr.	%
Stjórnarkostnaður og löggæzla	396.7	10.5
Heilbrigðismál	145.8	3.8
Samgöngumál	144.8	3.8
Menntamál	581.6	15.3
Kirkjumál	36.3	1.0
Atvinnumál	403.3	10.6
Félagsmál	875.1	23.1
Niðurgreiðslur	559.0	14.8
Útflutningsuppbætur	214.0	5.6
Eftirlaun, vextir og önnur útgjöld	251.5	6.6
Eignabreytingar (nettó)	184.7	4.9
Greiðsluafgangur	1.6	0.0
Samtals	3794.4	100.0

Þess skal getið, að tekjur Vegasjóðs fyrir árið 1966 eru áætlaðar 276,5 millj. kr. Nema því heildartekjur fjárlaga með Vegasjóði 4070,9 millj. kr. Tekjur Vegasjóðs í hlutfalli við heildartekjur fjárlaga ásamt Vegasjóðstekjum nema 6,8%.

Húsnæðismálastofnun ríkisins

Á síðustu misserum hefur verið gert stóráttak í húsnæðismálunum. Gerðar hafa verið gagngerðar breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins og sett sérlög um suma þætti þessara mála. Hafa verið eflir tekjustofnar almenna veðlánakerfisins og Byggingarsjóðs ríkisins, lánsupphæð og lánskjörum verið breytt og lána-kerfinu falin ný og aukin verkefni.

Helztu breytingar og nýmæli í löggjöf, sem varða Húsnæðismálastjórn ríkisins, eru þessi:

- 1) Skyldusparnaður einstaklinga á aldrinum 16—25 ára hefur verið hækkaður úr 6% í 15% af launatekjum.
- 2) Sett hafa verið lög um ávöxtun fjár tryggingarfélaganna, þar sem tryggingarfélagum er gert að verja 25% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á bankavaxtabréfum almenna veðlánakerfisins (lög nr. 17 1964).
- 3) Lagður hefur verið á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Skatturinn rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag (lög nr. 14. 1964).

- 4) Ákveðið hefur verið, að árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysisstrygginga skuli varið til kaupa á bankavaxtabréfum almenna veðlánakerfisins.
- 5) Ríkissjóði hefur verið gert að greiða árlega framlag til Byggingarsjóðs ríkisins, að upphæð kr. 40 millj. Til að mæta þessum útgjöldum skal miða eignaskatt við gildandi fasteignamat sexfaldað. Ákvæðið gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.
- 6) Heimild Veðdeildar Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa, sem nam 150 millj. króna á ári í 10 ár hefur verið hækkuð í 400 millj. kr. á ári ótímabundið.
- 7) Lánsfjárhæðin má nú nema allt að 280 þús. kr. á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ verðmætis íbúðar skv. mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbankans. Lánsfjárhæðin 280 þús. kr. er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, en skal framvegis hækka eða lækka skv. þeirri vísitölu. Áður var lánshámarkið fastbundið við krónur 150 þús. á hverja íbúð og ekki meira en $\frac{2}{3}$ hluta verðmætis íbúðar. Heimilað hefur verið að veita herra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga og skal í því skyni verja 15—20 millj. króna árlega af tekjur Byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags.
- 8) Lánskjörum hefur verið breytt þannig, að lán eru afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum bundnum kaupgreiðsluvísitölu. Áður var um að ræða A-lán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára og B-lán með 5½% ársvöxtum til allt að 15 ára, bundin vísitölu framfærslukostnaðar.
- 9) Heimilað hefur verið að veita sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Áður fyrr voru lánveitingar ekki heimilar nema til einstaklinga.
- 10) Ríkisstjórninni hefur verið heimilað að láta byggja ódýrar hagkvæmar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Íbúðir þessar skuli vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þessum og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur $\frac{4}{5}$ hlutum af verðmæti íbúða og skal þá gatnagerðargjald talið með verðmæti íbúðanna. Þessi lán skulu vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjör þessi hin sömu og lánakjör á öðrum íbúðarlánnum Húsnæðismálastjórnar.

Árangur framangreindra aðgerða hefur þegar komið fram í formi stóraukinna útlána. Hefur hér orðið mikil breyting frá því, sem áður var. Á tímabilinu 1955—1962 eða á 8 árum afgreiddi Veðdeild Landsbankans almenn íbúðarlán að upphæð samtals 436.822 þús. kr. (Fréttabréf nr. 2 bls. 6—9). En á síðustu þremur árum hafa þessar lánveitingar numið samtals 525.891 þús. kr. Frá stofnun almenna veðlánakerfisins 1955 fram til síðustu áramóta hafa verið afgreidd almenn íbúðarlán samtals að upphæð 962.713 þús. kr., er greinist þannig:

1955—1962	436.822 þús. kr.
1963	91.132 — —
1964	160.497 — —
1965	274.262 — —
		962.713 þús. kr.

Stjórnsýslukostnaður

Við umræður á Alþingi um fjárlög fyrir 1966 var stjórnarandstöðunni að vanda tíðrætt um eyðslu og sukk í stjórn ríkisins. Fullyrðingar þessar eru allajafna settar fram án þess að rök séu færð þeim til stuðnings. Þetta breytir hins vegar ekki því, að miklu varðar að gæta hófs í öllum útgjöldum um stjórnsýslu ríkisins. Um þetta efni sagði **Magnús Jónsson**, fjármálaráðherra, við fyrstu umræðu fjárlaga 1966 á Alþingi 18. okt. s.l.:

„Það er oft talað um ríkisbáknið og þá átt við hið opinbera stjórnsýslukerfi, og það þykir oft hagkvæmt í stjórnmálabaráttunni og líklegt til vinsælda að tala um það, að sívaxandi ríkisútgjöld stafi fyrst og fremst af útþenslu í ríkisbákninu og lausn allra meinsemda sé að draga úr þeim útgjöldum. Svo sem ég áðan sagði, verður það hlutfallslega mjög kostnaðarsamt fyrir eins litla þjóð og okkur Íslendinga að halda uppi öllum þeim sömu þjóðfélagsstofnunum og stjórnsýslukerfi, sem margfalt stærri þjóðir hafa, þótt í minna mæli sé hjá okkur. Er því hófsæmi í öllum útgjöldum á þessu sviði hin mesta nauðsyn. Einmitt af þessum sökum þótti mér ekki ófróðlegt að láta fram fara sérfræðilega athugun á því, hver væri hinn raunverulegi stjórnsýslukostnaður ríkisins, og hver hefði verið þróun hans undanfarið ár, en slík athugun hygg ég, að ekki hafi áður farið fram.“ (Morgunblaðið, 20. okt. 1965.)

Hér verður greint í stuttu máli frá þeirri sérfræðilegu athugun, sem fjármálaráðherra hefur látið gera um stjórnsýslukostnaðinn.

Er þar byggt á niðurstöðum ríkisreiknings, nema fyrir árið 1965 er miðað við fjárlög.

Stjórnsýslukostnaður ríkisins á föstu (1960) verðlagi 1955—1965.

Ár	Á verðlagi hvers árs þús. kr.	Verð- vísitala	Á föstu (1960) verðlagi	Vöxtur frá fyrra ári %
1955	84001	72,2	116345	
1956	105214	80,9	130054	11,8
1957	116099	83,9	138378	6,4
1958	132216	90,9	145452	5,1
1959	136943	96,3	142205	÷ 2,2
1960	165428	100,0	165428	16,3
1961	176138	108,7	162040	÷ 2,0
1962	213384	122,1	174762	7,9
1963	266847	146,4	182273	4,3
1964	327656	173,1	189287	3,9
1965	361104	193,5	186617	÷ 1,4

Af framangreindri töflu verður ráðið, að miðað við fast verðlag hefur stjórnsýslukostnaður á árunum 1955—1965 hækkað um 82,2%, eða sem svarar 6,1% árlegs vaxtar að meðaltali. Mest er hækking stjórnsýslukostnaðarins árið 1956 eða 11,8% og 1960, 16,3%, en minnst árið 1964, 3,9% og þrjú árin var um beina lækking að ræða eða 2,2% árið 1959, 2% árið 1961 og 1,4% árið 1965.

Þá er fróðlegt að sjá, hve stjórnsýslukostnaður ríkisins er mikill í hlutfalli við heildarútgjöld ríkissjóðs og þjóðarframleiðslu. Hér kemur tafla er sýnir þetta á tímabilinu 1955—1965 á verðlagi hvers árs:

Ár	Stjórnsýslu- kostnaður þús. kr.	Heildarútgj. ríkissjóðs þús. kr.	Þjóðartekjur millj. kr.	Stjórnsýslukostnaður sem hlutfall af:	
				ríkisút- gjöldum	þjóðar- tekjum
1955	84001	553279	4401	15,2	1,9
1956	105214	694289	5128	15,2	2,1
1957	116099	834419	5418	13,9	2,1
1958	132216	875800*)	6364	15,1	2,1
1959	136943	1016352	7214	13,5	1,9
1960	165428	1393476	8089	11,9	2,0
1961	176138	1569678	9427	11,2	1,9
1962	213384	1818263	11488	11,7	1,9
1963	266847	2252273	13663	11,8	2,0
1964	327656	3026653	17098	10,8	1,9
1965	361104	3423672		10,5	

* Innlendum niðurgreiðslum Útflutningsjóðs árið 1958 er hér bætt við heildarútgjöld ríkissjóðs, 89553 þús. kr.

Þegar þessi tafla er athuguð, kemur í ljós, að stjórnsýslukostnaður hefur farið hlutfallslega lækkandi síðustu árin miðað við ríkisútgjöld. Á árunum 1955—1958 var stjórnsýslukostnaðurinn að meðaltali um 15% á ári, en á árunum 1960—1963 milli 11 og 12%, 1964 10,8% og á fjárlögum 1965 áætlaður um 10,5% af ríkisútgjöldum. Hlutfall stjórnsýslukostnaðar af þjóðarframleiðslu hefur verið svipað öll þessi ár eða frá 1,9%—2,1% og var 1,9% á árinu 1964.

Ekki renna þessar upplýsingar stöðum undir þær fullyrðingar stjórnarandstöðunnar, að núverandi ríkisstjórn hafi eytt og brúðlað almannafé í stjórnsýslukostnað. Þvert á móti bendir hin sérfræðilega athugun til þess, að aukning stjórnsýslukostnaðar hafi ekki verið óhæfileg.

Skipastóll landsmanna

Aldrei hefur verið meiri framleiðsluaukning í sjávarútveginum en hin síðustu ár. Mikil fiskigengd hefur verið og metár í aflabrogðum. Slik hagsæld í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar markar að sjálf-sögðu spor sín í þjóðarþúskapnum í heild. Hin miklu aflabrogð hafa eftl hagsæld og velmegun þjóðarinnar.

Þessar staðreyndir bögglast nokkuð fyrir brjósti stjórnarandstöðunnar. Er það út af fyrir sig all undarlegt. En verður ef til vill skilið, þegar haft er í huga, að stjórnarandstaðan spáði hrúni og atvinnuleysi, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum árið 1959. Sjálfsgagt þykir stjórnarandstöðunni spádómarnir lítt hafa rætt. Menn eru stúrnir í skapi. Til að hressa upp á sálarástandið, benda þeir í tíma og ótíma á, að fiskigengdin sé ekki Viðreisnarstjórninni að þakka. Þetta hefði einhverjum þótt óþarft að taka fram. Víst getur ríkisstjórn verið góð, þó að hún stjórni ekki fiskigöngunum.

Annað mál er það, að ekki er nægilegt, að fiskurinn gangi á miðin. Aflabrogðin fara líka eftir því, hver viðbúnaður er til veiðanna. Það fer ekki lítið eftir fiskiflota landsmanna og veiðitækni, hver aflinn verður. Þetta hefur ekki sízt komið í ljós á undanförunum árum. Hinar stórkostlegustu framfarir á skipaflota og veiðitækni landsmanna hafa orðið á þessu tímabili. Fiskiskipafloti landsmanna hefur stækkað meir en nokkru sinni fyrr. Hin mikla fjárfesting í fiskiskipaflotanum ber vott um þá trú og bjartsýni á framtíð sjávarútvegsins, sem aldrei hefur verið meiri en í tíð núverandi stjórnar. Það er þetta, sem má þakka stjórnarstefnunni.

Á undanförunum árum hefur ekki einungis verið mikil aukning á fiskiskipaflotanum, heldur og flutningaskipaflotanum. Hér fer á eftir tafla, er sýnir stærð skipaflota þjóðarinnar í árslok 1958 og árslok 1964 og aukningu þá, sem orðið hefur á þessu tímabili:

	1958		1964		Aukning		
	tala	brúttó rúml.	tala	brúttó rúml.	tala	brúttó rúml.	%
Farþega- og flutningaskip	27	39393	37	50157	10	10764	27,3
Togarar	44	29024	39	27395	÷ 5	÷ 1629	÷ 5,6
Fiskiskip yfir 100 rúml.	49	7561	165	29194	116	21633	286,1
Þiljuð fiskiskip undir 100 rúml.	614	21213	648	21670	34	457	2,1
Önnur skip . . .	14	16165	27	18697	13	2532	15,6
	748	113356	916	147113	168	33757	29,8

Af þessari töflu sézt, hve gífurleg aukning hefur orðið á skipaflota landsmanna síðan 1958. Mest er aukningin á fiskiskipum yfir 100 rúml. eða 286,1%. Hér er raunar um byltingu að ræða, svo stórstígar hafa framfarirnar orðið.

Ekki er öll sagan sögð með því að gera samanburð á skipaflotanum 1958 og 1964, eins og gert hefur verið hér að framan. Tala og rúml. lesta fjöldi nýrra skipa er raunverulega þó hærri en fram kemur í töflu þessari, því að í henni er búið að taka tillit til þeirra skipa, sem á tímabilinu hafa verið felld niður af skipaskrá.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir tölu rúml. lesta fjölda þeirra skipa, sem bættust í flotann á þessu tímabili (í Fréttabréfi nr. 4, bls. 9—10 er tafla yfir aukninguna hvert ár frá 1959 til 1962).

	1963		1964		1958—1964	
	tala	rúml.	tala	rúml.	tala	rúml.
Farþega- og flutningaskip	6	7199	3	4739	19	21739
Togarar					6	5472
Fiskiskip	51	6048	49	8525	281	27938
Önnur skip	2	54	0	0	8	2792
	59	13301	52	13264	314	57941

Hvað er það, sem á að spara

Stjórnarandstaðan lætur sér annað veifið tíðrætt um sparnað í ríkisrekstrinum. Er ríkisstjórninni þá gjarnan brugðið um bruð og sukk, sem mæta verði með þungum álögum á landsmenn. Þessu sparnaðartali stjórnarandstaðinga er ætlað að hafa eitthvert áróðursgildi og aðra þýðingu hefur það naumast. Það er að vísu sjálf-sagt að sýna fyllstu viðleitni til sparnaðar í rekstri ríkisins, enda hefur núverandi ríkisstjórn unnið að því á markvissan hátt. Hins vegar er það ekki annað en gaspur eitt, að hægt sé með sparnaði á beinum reksturskostnaði ríkisins að lækka ríkisútgjöldin þannig,

að á því verði byggðar skatta- og tollalækkanir, nema menn eigi þá við stórfellda launalækkun opinberra starfsmanna. Ef framkvæma á lækkun á ríkisútgjöldum, þannig að verulega muni eða stefnuhvörfum valdi, þá er það ekki hægt nema með því að gerbreyta um afskipti ríkisins af málefnum landsmanna.

Í umræðum á Alþingi um afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1966, þar sem stjórnarandstaðan var allhávær í gaspri sínu um eyðslu og sukk í ríkisrekstrinum reið **Eysteinn Jónsson** á vaðið við fyrstu umræðu 18. okt. s.l. og sagði m. a.:

„Til þess að ná greiðsluafgangi hefur verið haugað á stórfelldari nýjum sköttum og álögum en nokkru sinni áður eru dæmi um, en nú kemur í ljós, að eyðslan og sukkið vex enn meira en álögurnar, þótt ótrúlegt megi telja . . .“

(Tíminn, 19. okt. 1965.)

Þessi ummæli eru ekki ný fyrir Eysteini Jónssyni. Hann hefur margoft heyrt þau áður. Og það hefur eigi ósjaldan fallið í hans hlut að svara þeim. Hliðstæðum ummælum svaraði t. d. Eysteinn í útvarpsumræðum frá Alþingi við þriðju umræðu fjárlaga fyrir 1952, 12. des 1951 og mælti á þessa leið:

„Hvað er það, sem á að spara? Hvað er það, sem er svo auðvelt að spara og á að vera svo þungvægt, að straumhvörfum valdi í skattaálögum? Vilja þeir fækka dómurum og lögreglumönnum? Vilja þeir draga úr landhelgisgæxlunni eða fækka mönnum á varðskipum? Vilja þeir fækka læknum, spítölum eða fækka starfsfólki á spítölunum, eða draga úr fæðiskostnaði sjúklunga eða hækka daggjöld á spítölunum? Vilja þeir draga úr styrkjum til berkla sjúklunga eða vilja þeir lækka framlög til þeirra, sem þjázt af langvarandi sjúkdómum? Vilja þeir draga úr framlögum til nýrra vega eða til viðhalds vega, framlögum til hafnargerða og vita, framlögum til flugmála og strandferða? Vilja þeir fækka prestum? Vilja þeir loka skólum eða leggja niður skóla? Vilja þeir lögbjóða lengri vinnutíma fyrir kennara og fækka kennurum? Vilja þeir loka söfnunum? Vilja þeir draga úr námsstyrkjunum? Vilja þeir lækka jarðræktarstyrkinn, framlög til Búnaðarbankans, skógræktar og sandgræðslu? Vilja þeir lækka framlög til fjárskiptanna eða hætta við þau í miðju kafi, draga úr framlögum til aflatryggingarsjóðs eða til Fiskifélagsins eða til raforkumála? Vilja þeir lækka framlög til Tryggingarstofnunar ríkisins, til sjúkra-samlaganna, framlög til bygginga í kaupstöðum og kaupún-um? Vilja þeir láta hætta að greiða eftirlaun eða draga úr eftirlaunum? Vilja þeir láta lækka laun opinberra starfsmanna? Þannig mætti halda áfram að spyrja . . .“

(Alþingistíðindi 1951, B, bls. 483—484.)

Síður verður Eysteini brugðið um fáfræði en óskammfeilni.

1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974

Á s.l. hausti bar ríkisstjórnin fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar, um að Alþingi álykti að kjósa 7 manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um með hverjum hætti minnst skuli á árinu 1974 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi. Þykir ríkisstjórninni sjálfsagt, að svo merks afmælis verði minnst á viðeigandi hátt og þykir ráðlegt, að menn verði nú þegar settir til að íhuga, með hverjum hætti það verður gert.

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, mælti fyrir þingsályktun þessari á Alþingi 20. okt. s.l. Hann kvaðst vona, að ekki þyrfti að deila um það, að sjálfsagt væri að halda upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Nauðsynlegt væri að taka þetta mál til athugunar nægilega snemma, því að margt kæmi til álita, þegar meta skyldi, hvað gera ætti í tilefni þessa afmælis. Minnti hann á, að enn ættum við ekki neina heillega, frambærilega Íslandssögu, þar sem enn væri aðeins um brot af Íslandssögu að ræða í þeirri útgáfu, sem Þjóðvinafélagið og Menningarsjóður hafa efnt til. Þyrfti að vinda að því bráðan bug að ljúka því verki og þegar því væri lokið, þyrfti á grundvelli þess að semja heillega Íslandssögu við almenningshæfi. Taldi forsætisráðherra ánægjulegt, ef hægt væri að tengja lausn þessara verkefna við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar með því að ljúka þeim fyrir þann tíma. Þá vék forsætisráðherra að því, að nauðsynlegt væri að koma upp tilteknum þjóðhýsum, eins og Alþingishúsi nýju og stjórnarráðshúsi. Taldi hann mjög vel fara á því, ef hægt væri að tengja báðar þessar nauðsynjabyggingar, nýtt stjórnarráðshús og nýtt Alþingishús, við slíka stórhátíð eins og þessa 1100 ára hátíð. Síðan sagði forsætisráðherra:

„Ýmislegt fleira kemur hér til álita og skal ég hér ekki þreyta menn með því að rekja það í einstökum atriðum. En ég vonast til þess, að menn séu mér sammála um, að það sé ekki of snemma, sem þetta mál sé upp tekið og æskilegt væri, ef góðir menn fengjust til þess að setjast á rökstóla nú þegar til íhugunar öllum þeim atriðum, sem hér koma til greina, svo að þessi hátíð gæti orðið okkur til sams konar vakningar, eins og ég vil segja, að hátíðirnar 1874, 1930 og lýðveldishátíðin, þótt með ólíkum hætti væri, áreiðanlega hafa orðið. Og það er þá ekki einungis til vakningar með þjóðinni sjálfri og hvatningar, heldur einnig til þess að styrkja stöðu okkar út á við og vekja athygli á þeim hætti, sem við eigum í að hafa varðveitt og haldið við sameiginlegri menningu vestrænna þjóða.“

Alþingi samþykkti þingsályktun þessa 10. desember s.l.

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.